



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Hugvísindasvið

# **Samræmi og samræmisleysi**

*Lifandi tilbrigði í íslensku máli*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir**

**September 2011**



**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslenska**

# **Samræmi og samræmisleysi**

*Lifandi tilbrigði í íslensku máli*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir**

**Kt.: 060660-4259**

**Leiðbeinandi: Höskuldur Þráinsson**

**September 2011**

## Formáli

Íslenskt mál hefur ávallt verið eitt af áhugamálum mínum. Strax sem barn í skóla voru móðurmálstímarnir í sérstöku uppáhaldi hjá mér og þegar fjallað var um íslenskt mál í útvarpinu hljóp ég til og hækkaði í því svo ég missti nú ekki af neinu.

Haustið 2009 sótti ég um nám í íslensku við Hugvísindasvið Háskóla Íslands og var eins og spennit skólastúlka fyrsta skóladaginn þrátt fyrir öll mín 49 ár. Námið hefur staðist mínar væntingar og ég hef notið hvernar stundar.

Nú á vorönn 2011 sótti ég námskeiðið Rannsóknir og rannsóknaraðferðir sem Höskuldur Þráinsson veitti forstöðu. Verkefnið sem ég vann á námskeiðinu voru undanfarar þessarar lokaritgerðar og efniviðurinn er sóttur til verkefnisins *Tilbrigði í setningagerð*. Höskuldur var svo vænn að taka að sér að leiðbeina mér þrátt fyrir að skrifin færu fram yfir sumartímann. Ég vil þakka honum fyrir einkar góðar ábendingar og ómetanlega aðstoð. Ég hef lært mikið á þessum skrifum og svo er honum að þakka.

Ég vil koma á framfæri þökkum til allra leiðbeinenda sem hafa kennt á þeim námskeiðum sem ég hef tekið þátt í og einnig þakka ég fjölskyldu minni sem hefur hvatt mig og stutt af alúð.

## Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Í henni er kannað hvort greina megi mun á mati ýmis konar tilbrigða samræmis eftir aldri, kyni, menntun og jafnvel landshlutum. Lítið hefur borið á umræðu beygingarsamræmis og samræmismarka innan skólakerfisins. Málnotendur velta sjálfsagt sjaldnast fyrir sér tölu eða falli orða í daglegu tali heldur ræður máltilfinning hvers og eins för og á það meðal annars við um mismunandi samræmi. Fræðimenn hafa fjallað um efnið, þá helst beygingarsamræmi, og ekki síst í tengslum við umfjallanir um frumlag. Reynt er að varpa ljósi á hvort einhver tilbrigðanna hafi fylgni við aldur, kyn, menntun og búsetu.

Í fyrsta kafla er viðfangsefni könnunarinnar kynnt og lítillega fjallað um málnotkun. Frumlag og mismunandi samræmi eru viðfangsefni annars kafla sem og umfjallanir fræðimanna. Í kafla þrjú er framkvæmdin og rannsóknarefnið kynnt en rannsóknin sjálf er í kafla fjögur. Að lokum er farið nánar í niðurstöður í fimmta kafla.

Niðurstaða könnunarinnar er sú að ekki er skýr lína milli neinna félagsbreytnanna og ákveðinna tilbrigða fyrir utan einn setningahópin sem hefur fylgni við hækkandi aldur og aukna menntun.

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	6
2	Fjölbreytileiki málnotkunar.....	9
2.1	Frumlag, tala, samræmi .....	9
2.2	Flókið mál, einföld notkun .....	12
2.3	Könnunin .....	16
3	Aðferðir og gögn .....	21
3.1	Þátttakendur og framkvæmd .....	21
3.2	Rannsóknarefni.....	22
3.3	Úrvinnsla gagna .....	23
4	Niðurstöður.....	25
4.1	Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum .....	25
4.1.1	Almennt yfirlit.....	25
4.1.2	Tengsl við aldur.....	26
4.1.3	Tengsl við kyn .....	28
4.1.4	Tengsl við menntun .....	29
4.1.5	Tengsl við landshluta .....	31
4.2	Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu .....	34
4.2.1	Almennt yfirlit.....	34
4.2.2	Tengsl við aldur.....	35
4.2.3	Tengsl við kyn .....	37
4.2.4	Tengsl við menntun .....	38
4.2.5	Tengsl við landshluta .....	40
4.3	Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls .....	42
4.3.1	Almennt yfirlit.....	42
4.3.2	Tengsl við aldur.....	43
4.3.3	Tengsl við kyn .....	44
4.3.4	Tengsl við menntun .....	45

4.3.5	Tengsl við landshluta .....	47
4.4	Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning .....	49
4.4.1	Almennt yfirlit.....	49
4.4.2	Tengsl við aldur.....	50
4.4.3	Tengsl við kyn .....	51
4.4.4	Tengsl við menntun .....	52
4.4.5	Tengsl við landshluta .....	53
5	Samantekt niðurstaðna .....	54
5.1	Almennt yfirlit.....	54
5.2	Aldur.....	55
5.3	Kyn .....	56
5.4	Menntun.....	56
5.5	Landshlutar .....	57
6	Lokaorð .....	58
	Heimildaskrá .....	60
	Viðauki.....	62

# 1 Inngangur

Dagleg, hefðbundin málnotkun krefst oft og tíðum flókinna orðasambanda og beygingarmynda. Fæstir leiða þó hugann að því hvernig þeir raða orðum saman í setningar í daglegum samskiptum sem krefjast málnotkunar. Orðin koma einfaldlega og mynda setningar, oftast áreynslulítið. Misfullkomnar setningar en í flestum tilfellum skiljanlegar. Ef málnotendur þyrftu að velja fyrir sér í hvaða falli orð ætti að standa eða hvort betra væri að velja eitt orð fremur en annað væru málsamskipti sennilega stirð og lítilfjörleg. Þeir sem hafa staðið frammi fyrir því að tjá sig á erlendu máli sem þeir hafa takmarkaða þekkingu á þekkja þetta vandamál. Þá verða stuttar, ófullkomnar setningar fyrir valinu og útkoman líkust barnamáli.

Staðreyndin er sú að svo virðist sem móðurmálið sé drukkið með móðurmjólkinni. Þrátt fyrir að íslenska sé margslungið mál eru málnotendur orðnir mjög fullkomnir fáeinna ára gamlir og beyging orða og niðurröðun í setningar er sjaldnast vandamál. Öll tungumál breytast og íslenska er engin undantekning frá þeirri reglu. Hún hefur þó breyst tiltölulega lítið í gegnum aldirnar samanborin við önnur mál og ættu flestir að geta lesið og skilið texta á fornmálinu án mikillar fyrirhafnar. Hins vegar eru ýmis atriði sem virðast lifa í fleiri en einni mynd í málinu og hugsanlega er það algengara í nútímamáli en til forna. Í það minnsta eru ytri áhrif á málið meiri í dag með hnattvæðingu, veraldarvefnum og tíðum tengslum við erlend tungumál. Óhjákvæmilega hlýtur þetta allt að hafa áhrif á þróun málsins og þeirra tilbrigða sem verða fyrir valinu hjá málnotendum.

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er rannsókn á breytileika sem er að finna í vali málnotenda á samræmi. Til að mynda er kannað hvort algengara sé að sögn standi í 3. persónu eintölu þegar um er að ræða setningar með aukafallsfrumlagi og nefnifallsandlagi, líkt og sjá má í dæmum (1.a) og (1.b), fremur en að hún samræmist nefnifallsandlagi setningarinnar eins og sýnt er í dæmum (1.c) og (1.d):

- (1) a. Honum (3.p.et.þgf.) **leiddist** (3.p.et.) tónleikarnir (nf.ft.).  
b. Okkur (1.p.ft.þgf.) **leiddist** (3.p.et.) tónleikarnir (nf.ft.).  
c. Honum (3.p.et.þgf.) **leiddust** (3p.ft.) tónleikarnir (nf.ft.).  
d. Okkur (1.p.ft.þgf.) **leiddust** (3.p.ft.) tónleikarnir (nf.ft.).



Eins og sjá má á dæmi (1.b) er sögnin í eintölu þrátt fyrir að frumlag og andlag séu fleirtöluorð. Í dæmum (1.c) er frumlagið í eintölu en andlagið í fleirtölu og þar tekur sögnin á sig fleirtölumynd. Í (1.d) er einnig fleirtölumynd á sögninni og þar er bæði frumlag og andlag í fleirtölu. Samræmi af þessari gerð er kannað bæði í einföldum setningum en einnig í svokölluðum smáklausum og ákveðnum gerðum nafnháttarsambanda eins og nánar er skýrt í kafla 2.2.

Mat á samræmi sagnar og ýmist aðalorðs nafnliðar eins og sjá má í dæmi (2.a) eða hlutaeignarfalls eins og í dæmi (2.b) verður einnig skoðað:

- (2) a. Stór hluti (et.) íbúa (ft.) **býr** (et.) við mikla fátækt.  
b. Stór hluti (et.) íbúa (ft.) **búa** (ft.) við mikla fátækt.

Hér er um val að ræða á milli þess að láta sögnina samræmast *Stór hluti* (aðalorði nafnliðarins) sem er eintala, líkt og í (2.a) eða fleirtöluorðinu (hlutaeignarfallinu) *íbúa* sem táknar heildina sem aðalorðið er hluti af, eins og gert er í (2.b).

Samræmismörk verða skoðuð, þ.e. hvort algengara sé hjá málnotendum að láta sögn standa í eintölu ef frumlagið er í eintölu (beygingarfræðilegt) eða hvort merking orðsins ráði meiru um, þ.e. ef eintöluorðið vísar merkingarlega til hóps:

- (3) a. FH (3.p.et.) **var búið** (3.p.et.) að hafa forystu allt sumarið.  
b. FH (3.p.et.) **voru búnir** (3.p.ft.) að hafa forystu allt sumarið.

Í dæmi (4.) er merkingarlegt frumlag setningarinnar forsetningarliður. Athuginin snýst um það hvort málnotendur telji eðlilegra að láta merkinguna ráða eða þá málfræðilegu staðreynd að frumlagið feli ekki í sér neitt fallorð í nefnifalli og velji þá að nota hið ópersónulega form, þ.e. 3. persónu eintölu.

- (4) a. Í svörtum fötum **spilaði** (3.p.et.) til klukkan þrjú.  
b. Í svörtum fötum **spiluðu** (3.p.ft.) til klukkan þrjú.

Könnunin felst í því að athuga hvort um mun á mati þátttakenda sé að ræða eftir félagsbreytunum aldri, kyni eða menntun og einnig hvort um mun sé að ræða milli landshluta.

Í fyrsta kafla eru lítilsháttar hugleiðingar um málnotkun og viðfangsefni þessarar könnunar kynnt. Annar kafli er þrískiptur og í honum er fjallað um fyrirbærið frumlag og bornar saman skilgreiningar á því í dag og fyrr á tímum. Í ljós kom að frumlag er aðeins flóknara hugtak en eldri skólabækur vilja vera láta.

Í öðrum kafla eru líka skoðuð mismunandi tilbrigði nokkurra gerða samræmis. Þar kemur fram að tölu- og beygingarsamræmi lifa í fleiri en einni mynd í málinu og einnig að ekki er auðvelt að finna reglur er þau varða í skólabókum.

Skólayfirvöld virðast hafa haft ofuráhuga á ákveðnum tilbrigðum íslenskunnar, svo sem þágufallshneigð, en ýmsir aðrir þættir hafa haft minna vægi. Fræðimenn hafa fjallað um samræmi, þá helst samræmi sagnar við nefnifallsandlag og þá ekki síst í tengslum við hugleiðingar um frumlag. Niðurstaða þeirra er sú að aukafallsfrumlög eru staðreynd í íslensku og hafa verið svo í skyldum málum áður fyrr.

Þriðji kafli fjallar um framkvæmd könnunarinnar. Þar kemur fram hvernig staðið var að tilbrigðakönnunum þremur, hvaða setningahópa og tilbrigði skuli kanna og hvernig unnið verði úr gögnum.

Fjórði kaflinn er viðamestur því í honum er sjálf könnunin. Töflur með niðurstöðutölum allra félagsbreytnanna eru birtar og athugað hvort um fylgni sé að ræða við þær. Í fimmta kafla er svo farið nánar í niðurstöðurnar, skýrustu línurnar eru skoðaðar sem og þau atriði sem koma á óvart í könnuninni.

Niðurstaða þessarar könnunar er sú að ekki er afgerandi mun að sjá á milli félagsbreytnanna þriggja; aldurs, kyns og menntunar, hópanna sem voru valdir í þessa könnun, né heldur á milli landshluta.

Áður hefur verið kannað hvort fylgni sé við landshluta á því hverjir samþykkja *Tölusamræmi sagnar við nefnifallsandlag í einföldum setningum* (Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir 2011a) og einnig hvort tengsl séu milli kyns, aldurs og menntunar við þrjá fyrstu setningahópana sem eru tilteknir hér að ofan (Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir 2011b). Í ljós kom að ekki var um mun að ræða á milli landshluta en einstaka mun mátti merkja á mati milli aldurs- og menntahópa. Í niðurstöðukafla þessarar ritgerðar má sjá ítarlegri umfjöllun þeirra niðurstaðna. Þær setningar sem liggja til grundvallar þessari könnun eru listaðar í kafla 2.3 og einnig í viðauka.

## 2 Fjölbreytileiki málnotkunar

### 2.1 Frumlag, tala, samræmi

Í íslensku er yfirleitt samræmi í persónu og tölu milli sagnar í persónuhætti og frumlags og má sjá slík dæmi hér á eftir. Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarna áratugi um frumlag í íslensku. Eldri kennslubækur skýra það á einfaldan hátt: „Frumlag er fallorð, fallsetning eða bein ræða í nefnifalli, er táknað þann (þá, það), sem aðhefst, er eða verður það, sem umsögnin segir“ (Björn Guðfinnsson 1943:7). Í ítarlegri umfjöllun um frumlag í grein sinni Frumlag og fall að fornu fjallar Eiríkur Rögnvaldsson um eldri skilgreiningar frumlags þar sem því er einfaldlega lýst sem nafnliði í nefnifalli sem sögnin lagi sig að í tölu og persónu (1996:39).

Margir fræðimenn, auk Eiríks Rögnvaldssonar, hafa fjallað um frumlag og hvernig beri að skilgreina það og niðurstaða margra þeirra er sú að þessi skýring eldri kennslubóka sé of einföld. Þó eru ekki allir sem telja að svo sé. Ragnheiður Briem (1998:30) er á þeirri skoðun að ekki geti verið um frumlag að ræða ef sögn lagi sig ekki að orði í persónu og tölu og orðið sé ekki í nefnifalli. Ragnheiður segir ennfremur að oft standi orð í aukafalli með ópersónulegum sögnum. Orðið hafi engin áhrif á sögnina þrátt fyrir að tölu þess sé breytt enda sé hér ekki um frumlag að ræða. Umsögn byrji alltaf á því að leita að frumlagi sem hún svo lagi sig að í persónu og tölu. Finni umsögnin ekki frumlag velji hún hið ópersónulega form, 3. persónu eintölu (1998:106).

Í nýútkominni handbók<sup>1</sup> (Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.) 2011:132) er kafli um ópersónulegar sagnir. Þar kemur fram ólíkt sjónarmið en þar segir meðal annars að ópersónuleg sögn sé ávallt í 3. persónu eintölu og með henni standi oftast frumlag í þolfalli eða þágufalli. Dæmi eru tekin sem sýna að sögnin helst óbreytt þrátt fyrir að persóna eða tala aukafallsfrumlagsins breytist.

Höskuldur Þráinsson (1995:55) er einnig á annarri skoðun og með ítarlega lýsingu á frumlagi:

FRUMLAG er sá **setningarliður** (yfirleitt **nafnliður**) sem stendur fremst í **setningu í sjálfgefinni** orðaröð í íslensku en næst á eftir sögn í **persónuhætti** í beinum spurningum (*já/nei*-spurningum) eða ef einhver annar setningarliður er færður fremst í setninguna í

---

<sup>1</sup> Í formála bókarinnar (Handbók um íslensku) kemur fram að leitað hafi verið til ýmissa sérfræðinga á ólíkum sviðum um kaflaskrif. Ari Páll Kristinsson er höfundur þess kafla sem vitnað er hér í.

áhersluskygni. Í **germynd** táknar þessi setningarliður oft **geranda**, þ.e. þann sem vinnur verkið sem um er að ræða. Standi frumlag í **nefnifalli**, eins og algengast er, lagar sögnin sig að því í **persónu** og **tölu**.

DÆMI:

(frumlag feitletrað):

**María** (nf.et.) hefur (3.p.et.) klárað ostinn í gær

Hefur **María** klárað ostinn í gær?

Í gær hefur **María** klárað ostinn

**Við** (nf.ft.1.p.) höfum (1.p.ft.) klárað ostinn í gær

ATHUGASEMDIR:

Ýmsir aðrir liðir en frumlag geta staðið fremst í setningu en þá kemur frumlagið jafnan næst á eftir **persónubeygðu** sögninni. Ostinn *hafði* **María klárað** í gær. **María** er hér eftir sem áður frumlag og *ostinn* andlag, enda er þessi röð ekki sjálfgefin heldur felur í sér sérstaka áherslu á *ostinn*. En í dæmunum **Maríu** (þf.) *langaði í ost í gær*, *Langaði Maríu í ost í gær?* og *Í gær langaði Maríu í ost* hegðar nafnorðið **Maríu** sér eins og frumlag þótt það sé í **þolfalli**, enda er það fremst í setningunni þar sem röðin er sjálfgefin. Frumlög í **aukafalli** eru stundum nefnd **frumlagsígildi** – Sjá einnig **gervifrumlag**, **ópersónuleg setning**.

Frumlag virðist því aðeins flóknara og fjölbreyttara fyrirbæri en áður var haldið fram og stendur alls ekki alltaf í nefnifalli. Nýlegar rannsóknir hafa einmitt sýnt það og Eiríkur Rögnvaldsson bendir á (1996:37) að því hafi fyrst verið haldið fram að frumlög gætu einnig staðið í aukafalli í grein Andrews (1976), þá hafi Höskuldur Þráinsson (1979) rökstutt þetta, Zaenen, Maling & Höskuldur Þráinsson (1985) og Halldór Ármann Sigurðsson hafi fjallað ítarlega um frumlög í aukaföllum (1989, 1991). Frumlag í nútímaíslensku getur greinilega staðið í aukafalli og svo hefur að öllum líkindum einnig verið í málinu til forna:

Í fornmáli má finna mikinn fjölda margvíslegra setninga með aukafallsnafnliðum, sem yrðu greindir sem frumlög í sambærilegum setningum í nútímamáli. Við höfum ekki fundið nein rök sem mæli gegn slíkri greiningu í fornmalinu, en við höfum ekki heldur fundið nein próf sem sýni ótvírætt að þarna sé um frumlög að ræða. Og hvað er þá til ráða? (Eiríkur Rögnvaldsson 1996:54).

Í niðurstöðukafla greinarinnar *Frumlag og fall að fornu* segist Eiríkur hafa hrakið þau rök sem hafi verið færð gegn tilvist aukafallsfrumlaga en tekur þó fram að í sumum tilvikum virðast aukafallsnafnliðirnir hafa gegnt öðrum merkingarhlutverkum í fornu máli en þeir gera nú (1996:64). Enska og hin norrænu málin höfðu einnig aukafallsfrumlög fyrr á tímum. Þau eru nú með öllu horfin (Höskuldur Þráinsson 2005:326) en hafa verið varðveitt í íslenskunni og eru nokkuð sérstök fyrirbæri í dag.

Halldór Ármann Sigurðsson (1991:31) er meðal þeirra sem nefna að sérstök tengsl virðast vera á milli nefnifalls og beygingarsamræmis og að sögn og sagnfylling þiggi aldrei neina þætti frá frumlagi í aukafalli. Sá munur er á nefnifallsfrumlögum og frumlögum í aukafalli að persónubeygða sögnin lagar sig yfirleitt að nefnifallsfrumlaginu í persónu og tölu líkt og í dæmi (4.a) en aukafallsfrumlögin taka á hinn bóginn með sér sögn í 3.p.et. eins og sjá má í dæmi (4.b.):

- (4) a. Við (nf.ft.) **höfum** (1.p.ft.) aldrei verið í sveitinni.  
b. Okkur (þgf.ft.) **hefur** (3.p.et.) aldrei leiðst í sveitinni.

Þetta er þó ekki algilt því ef nefnifallsfrumlag er merkingarlítið, líkt og það eða þetta, getur sögnin lagað sig að sagnfyllingu í nefnifalli:

- (5) a. Það (et.) **voru** (ft.) hundarnir (nf.ft.)  
b. Þetta (et.) **voru** (ft.) hundarnir (nf.ft.)

Höskuldur Þráinsson bendir á að svo virðist sem nauðsynlegt skilyrði samræmis sagnar og frumlags sé að frumlagið sé í nefnifalli en er þó ekki nægjanlegt eins og kemur fram í dæmum (5.a) og (5.b) hér að ofan. Þar má sjá að þrátt fyrir að frumlög dæmanna séu í nefnifalli samræmast sagnirnar þeim ekki í tölu (2005:282).

Aukafallsfrumlög gengu áður undir nafninu „frumlagsígildi“ því þau voru ekki talin fullgild sem frumlög en eins og áður kom fram hefur fjöldi fræðimanna nú sýnt fram á tilvist þeirra með ýmsum prófunum (sjá t.d. Zaenen, Maling og Þráinsson 1985, Halldór Ármann Sigurðsson 1989:204-209, Jóhannes Gísla Jónsson 1996:110-119, Höskuld Þráinsson 1999:234-239 og Jóhannes Gísla Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2003:7). Lítum á frekari dæmi hefðbundinna frumлага í íslensku:

- (6) a. Þeir (nf.ft.3.p.) **hafa** (3.p.ft.) farið í bæinn.  
b. Ég (nf.et.1.p.) **hef** (1.p.et.) farið í bæinn.  
c. Þú (nf.et.2.p.) **hefur** (2.p.et.) farið í bæinn

Setningarnar hafa allar frumlag í nefnifalli og er beygingarsamræmi á milli þess og persónubeygðu sagnarinnar. Eins og kom fram hér að ofan er þetta alls ekki algilt því í

máli sumra finnast ótvírætt dæmi þess að sögnin lagi sig að öðru en frumlaginu eða að nefnifallsandlagi í þeim tilfellum sem frumlagið er í aukafalli. Lítum á slík dæmi:

- (7) a. Konunni (þgf.et.kvk.) **leiddust** (ft.) samræðurnar (nf.ft.kvk.).  
b. Piltinum (þgf.et.kk.) **sárnuðu** (ft.) ummælin (nf.ft.hk.).

Þessi dæmi eru sambærileg við dæmi (5.a) og (5.b) þar sem sögnin lagar sig að sagnfyllingu í nefnifalli þegar frumlagið er merkingarlítið. Svo virðist sem það sé nokkuð algengt að láta sögnina standa í 3. persónu eintölu (eða í svokölluðu samræmisleysi) þar sem um aukafallsfrumlag er að ræða fremur en að samræma hana andlaginu. Hér getur að líta þess háttar dæmi:

- (8) a. Mér (þgf.et.1.p.) **leiddist** (3.p.et.) tónleikarnir (nf.ft.kk.).  
b. Þeim (þgf.ft.3.p.) **sárnaði** (3.p.et.) samræðurnar (nf.ft.kvk.).

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er að kanna hvort tengsl séu á milli félagsbreytnanna aldurs, kyns, menntunar og landshluta sem liggja könnuninni til grundvallar og einhverra þeirra tilbrigða sem fyrir valinu urðu í könnuninni. Áður en sagt er frá sjálfri könnuninni er rýnt frekar í þessi og önnur frávík þess að sögnin lagi sig að frumlagi.

## 2.2 Flókið mál, einföld notkun

Tungumál er ekki einsleitt fyrirbæri. Ólík tilbrigði setninga koma þó ekki í veg fyrir að þær skiljist. Þekkt dæmi um mismunandi tilbrigði sem skiljast sennilega í öllum tilfellum er **þágufallssýkin** sem svo hefur verið kölluð þar sem þolfall vísar fyrir þágufalli í setningum eins og *mér langar* og *mér vantar*. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir yfirvalda til þess að uppræta þessa óvinsælu sýki lifir hún góðu lífi en ekki fer á milli mála hvort afbrigðið, þolfallið eða þágufallið, er rétt að mati skólayfirvalda. Þar sem þolfall er óreglulegt fall á frumlagi tekur lengri tíma fyrir börn að læra það en nefnifall og þágufall (sbr. Herdísí Þ. Sigurðardóttur 2002 og Ragnheiði Björgvinsdóttur 2003). Þórhallur Eypórsson (2000:194-195) bendir á að Jóhannes Gísli Jónsson hafi sett saman lista um aukafallssagnir og þar kemur í ljós að u.þ.b. 230 sagnir og sagnasambönd taki með sér þágufallsfrumlag en einungis tæplega fjórtíu taki með sér þolfallsfrumlag og þar af eru margar sem heyrast sjaldan í nútímamáli. Í grein Jóhannesar er ítarleg

umfjöllun um sagnir með aukafallsfrumlagi (1997-98:11-44). Eðlilegt er að áætla að þágufallshneigð komi síst fyrir hjá algengustu þolfallssögnunum og ástæðan er sú að börn læra fyrir fall þeirra sagna sem þau heyra hvað oftast (Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson 2003:21). Að sama skapi má gera ráð fyrir því að þær myndir sagna sem eru algengastar lærist fyrir en þær myndir sem koma sjaldnar fyrir. Hópur fólks notar þolfallið þegar um fyrstu persónu er að ræða (*mig langar*), en sömu aðilar nota engu að síður þágufallið þegar um aðra eða þriðju persónu er að ræða (*þér langar*, *honum langar*). Tíðni notkunar fyrstu persónunnar hlýtur að hafa áhrif.

Samræmi af ýmsu tagi lifir í fleiri en einni mynd í tungumálinu. Minna hefur borið á umræðu um það en tilbrigði með þolfallssögnum. Eins og fram kom í kafla 2.1. ríkir ekki einhugur málnotenda um beygingarsamræmi og virðast sumir kjósa samræmisleysi sagnar þar sem um aukafallsfrumlag er að ræða og andlag í nefnifalli fleirtölu fremur en laga sögnina að andlaginu eins og gert er í dæmum (7.a) og (7.b). Hins vegar laga sagnir sig ávallt að sagnfyllingu í nefnifalli þegar frumlagið er merkingarlítið (sjá dæmi 5.a og 5.b) og sagnir með aukafallsfrumlagi sem eru ýmist án andlags eða hafa andlag í aukafalli standa alltaf í 3. persónu eintölu.

Halldór Ármann Sigurðsson (1992:66) bendir á að Höskuldur Þráinsson (1979:466) hafi líklega verið fyrstur málfræðinga til þess að nefna þá staðreynd að sagnir geti samræmst nefnifallsandlögum í 3. persónu fleirtölu og að einhverjar sagnir sem taka slíkt andlag geti ýmist staðið í 3. persónu fleirtölu eða í samræmisleysi, þ.e.a.s. í 3. persónu eintölu. Beygingarsamræmi við nefnifallsandlag á einungis við ef andlagið er í 3. persónu ft. og ekki fer vel á því að samræma sögn við nefnifallsandlag ef það er í fyrstu eða annarri persónu fleirtölu (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1992:63 og Höskuld Þráinsson 2005:326):

- (9) a. Henni **leiddust** strákarnir (3.p.ft.).  
b. \*Henni **leiddumst** við (1.p.ft.).  
c. \*Henni **líkuðuð** þið (2.p.ft.).

Flestir eru sjálfsagt sammála um að setningar (9.b) og (9.c) stríði gegn málkunnáttu þeirra. Þrátt fyrir að nefnifallsrökliðir krefjist sumir hverjir sagnarsamræmis virðist liggja blátt bann við því að nefnifallsandlög ráði raunverulegu persónusamræmi (Halldór Ármann Sigurðsson 1992:79) og sögn geti því aðeins staðið í samræmisleysi,

þ.e. þriðju persónu eintölu þegar um fyrstu og annarrar persónu nefnifallsandlög í fleirtölu er að ræða:

- (10) a. Henni **líkaði** við (1.p.ft.).  
b. Henni **leiddist** þið (2.p.ft.).

Sögnin virðist því ekki aðeins eiga erfitt með að samræmast persónu andlags sem er í fyrstu og annarri persónu fleirtölu, heldur á hún að því er virðist líka erfitt með að samræmast því í tölu. Vekur þetta óneitanlega upp þá spurningu hvort þriðja persóna sé nokkuð **persóna** heldur sjálfgefið form sem ekki er hægt að greina sem fyrstu eða aðra persónu. Ef um er að ræða nefnifallsandlag sem er í 3. persónu fleirtölu virðist annað vera uppi á teningnum því þá lagar sögnin sig að andlaginu í tölu en stendur engu að síður í hinni sjálfgefnu 3. persónu (Höskuldur Þráinsson 2005:326):

- (11) a. Henni **líkuðu** þeir (3.p.ft.).  
b. Henni **leiddust** þær (3.p.ft.).

Þessar setningar virðast ganga og einnig samræmisleysi eins og kemur fram í dæmum (8.a) og (8.b). Daglegt mál er kannski ekkert einfalt mál, eða hvað? Ólík tilbrigði trufla þó sennilega lítið dagleg málsamskipti fólks nema hugsanlega ströngustu málhreinsunarmanna.

Annað samræmi sem virðist lifa í fleiri en einni mynd er hvort sögn lagi sig að aðalorði eða eignarfallseinkunn. Í hefðbundinni íslenskri setningafræði er jafnan talað um tvenns konar **einkunn** (e. *attribute*). Hugtakinu er lýst sem svo (sbr. t.d. Björn Guðfinnsson 1943:19, Ragnheiður Briem 1998:33-34, Baldur Ragnarsson 2000:30-31, Höskuldur Þráinsson 2005:308-309) að einkunn sé fallorð sem standi með öðru fallorði sem oftast sé nafnorð. Einkunnin einkenni það, sé nátengd því og að þau myndi heild. Ýmist sambeygist einkunnin orðinu sem hún tengist og kallast þá **sambeygð einkunn** eða hún standi í eignarfalli sem stýrist af orðinu sem það á við. Í þeim tilfellum kallast einkunnin **eignarfallseinkunn**. Í öllum setningarliðum er eitt aðalorð og því getur svo fylgt fylliliður (e. *complement*) af þeirri gerð, þ.e. eignarfallseinkunn (Höskuldur Þráinsson 1999:106). Jafnan samræmist sögnin aðalorðinu eins og sjá má í dæmi (12.a)



og (12.b) en ekki virðist ganga að samræma sögnina eignarfallseinkunninni líkt og dæmi (12.c) og (12.d) sýna:

- (12) a. Dætur (ft.) konunnar (et.) **eru** (ft.) ekki hér.  
b. Dóttir (et.) hjónanna (ft.) **er** (et.) ekki hér.  
c. \*Dætur (ft.) konunnar (et.) **er** (et.) ekki hér.  
d. \*Dóttir (et.) hjónanna (ft.) **eru** (ft.) ekki hér.

Greinilegt er að sögnin verður að samræmast aðalorðunum (*dætur, dóttir*) og útilokað er að láta hana samræmast fylliliðnum. Annað virðist vera uppi á teningnum þegar eignarfallseinkunnin er það sem getur kallast **hlutaeignarfall**. Hún vísar þá til heildar sem aðalorðið er hluti af. Í dæmi (13) eru þess háttar tilbrigði. Svo virðist sem málnotendur velja ýmist þann kost að samræma sögnina aðalorði nafnliðarins eða eignarfallseinkunninni (hlutaeignarfallinu):

- (13) a. Helmingur (et.) nemenda (ft.) **tala** (ft.) ekki íslensku.  
b. Helmingur (et.) nemenda (ft.) **talar** (et.) ekki íslensku.

Kannað verður hvort tilhneigingin til þess að láta sögnina laga sig að hlutaeignarfallinu sé algengari en sú að samræma hana aðalorðinu og þá hvort svo sé hjá ákveðnum hópum. Í *Handbók um íslensku* (Jóhannes B. Sigtryggsson 2011:125) segir að sögnin lagi sig að aðalorði nafnliðarins: „Orðið *fjöldi* er eintöluorð þótt það hafi fleirtölumerkingu. *Fjöldi manna er viðstaddur*. Aðalorðið er *fjöldi* (eintala), fjöldi er viðstaddur.“

Einnig verður kannað hvar samræmismörk liggja. Athugað verður hvort þau séu alltaf beygingarfræðileg á þann hátt að sögnin sé í eintölu ef frumlagið er eintala eða hvort merking orðsins skipti máli á þann hátt að sögnin taki á sig fleirtölumynd ef eintöluorðið vísar í hóp. Í dæmi (14) má sjá mismunandi tilbrigði allt eftir því hvort FH sé hugsað sem félag eða hópur manna:

- (14) a. FH **var búið** að hafa forystu allt sumarið.  
b. FH **voru búnir** að hafa forystu allt sumarið.

FH stendur fyrir *Fimleikafélag Hafnarfjarðar* og er því í raun hvorugkyns eintöluorð, þ.e.a.s. *Fimleikafélagið*. Ætli flestir fari eftir málfræðilegu kyni og tölu frumlagsins þannig að kostur (1.a) sé algengastur þar sem sögnin lagar sig að málfræðilegri tölu frumlagsins, án tillits til merkingar, eða er algengara að horfa til merkingar orðsins sem ótvírætt vísar til ákveðins fjölda. Athuginin var gerð til að kanna hvort tilbrigðið fellur þátttakendunum betur. Samræmið virðist í það minnsta ekki ávallt fara eftir kyni og tölu frumlagsins heldur merkingunni sem tiltekið orð stendur fyrir. Slíkt þekkist í öðrum málum og sem dæmi má nefna að í ensku er notuð fleirtölu mynd sagna með eintöluorðinu *people*, sbr. *people are*. Orðið sjálft felur í sér fleirtölu út frá sjónarmiði merkingarinnar og það hefur væntanlega áhrif. Hugsanlega finnast svipuð áhrif meðal íslenskra málnotenda eða að persónubeygð sögn standi í fleirtölu þrátt fyrir að hún standi með eintöluorðum líkt og nöfnum íþróttafélaga og hljómsveita. Í kennslubók ætlaðri framhaldsskólanemum (Ragnheiður Briem 1998:27) er tekið skýrt fram að sögnin skuli samræmast málfræðilegu kyni og tölu frumlagsins. Þar segir:

Ef frumlag er í eintölu verða umsögn og fallorð, sem til þess vísa, líka að vera í eintölu þótt merking frumlagsins feli í sér fleiri en einn:

**Fólkið**, sem við hittum í flugvélinni, **hafði** ætlað heim með Herjólf. Vinir **þess** voru farnir heim og **það** var búið að gefast upp á að bíða eftir flugveðri.

Í *Handbók um íslenskt mál* er tekið í sama streng. Sögnin skuli laga sig að aðalorði hvort sem það sé í eintölu eða fleirtölu (Jóhannes B. Sigtryggsson 2011:125). Kannað var hvort málnotendur velji að fylgja þessum útskýringum skóla- og handbóka eða þann kost að láta sögnina standa í fleirtölu vísi eintöluorðið í hóp.

Markmið Tilbrigðakönnunarinnar var að athuga hvaða tilbrigði eru algengari en önnur og þá hvort þau tengist einhverjum hópi meira en öðrum svo hægt sé að greina hvort einhver þáttanna (aldur, kyn, menntun, búseta) hefur áhrif á matið. Á þetta við um alla setningahópana, þ.e.a.s. samræmi sagnar við nefnifallsandlag, samræmi sagnar við aðalorð setningar og val samræmismarkna.

### 2.3 Könnunin

Í Tilbrigðakönnuninni voru nokkrar gerðir setninga athugaðar og þá hvort tengsl væru á milli áður nefndra tilbrigða og aldurs, kyns, menntunar og landshluta. Fylgni þessara breytna við setningarnar voru metnar. Númerin fyrri framan setningarnar sýna hvort þær eru úr Tilbrigðakönnun 1, 2 eða 3 og númer setningar sbr. setning T3021 merkir að hún

er úr Tilbrigðakönnun 3 og númer 21. Þær setningar sem eru merktar með L voru spilaðar af geisladiski fyrir þátttakendur auk þess sem þeir höfðu þær á blaði fyrir framan sig. Tölurnar gegna sama hlutverki og í öðrum setningum. Þær gerðir setninga sem voru kannaðar eru:

### **Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum:**

- L3.7 Honum (þgf.et.) **leiddust** (ft.) tónleikarnir (nf.ft.) mjög mikið.
- L3.21 Henni (þgf.et.) **leiddist** (et.) samt píanótímarnir (nf.ft.) alveg ofsalega.
- T3004 Henni (þgf.et.) **hafa** (ft.) alltaf leiðst langar bíómyndir (nf.ft.).
- T3021 Honum (þgf.et.) **hefur** (et.) alltaf leiðst langir stjórnarfundir (nf.ft.).
- T3030 Það (nf.et.) **hefur** (et.) sumum (þgf.ft.) blöskrað þessir samningar (nf.ft.).
- T3074 Það (nf.et.) **hafa** (ft.) mörgum (þgf.ft.) blöskrað þessi ummæli (nf.ft.).

Athugað var hvort algengara er að samræma sögn nefnifallsandlagi eða nota samræmisleysi þar sem frumlag er í aukafalli og þá hvort greina megi fylgni við einhverjar félagsbreytnanna sem liggja rannsókninni til grundvallar.

### **Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu:**

- T3016 Þeim (þgf.ft.) **hefur** (et.) alltaf fundist spurningaþættir (nf.ft.) skemmtilegir.
- T3035 Henni (þgf.et.) **heyrðist** (et.) vera gangtruflanir (nf.ft.) í bílnum.
- T3047 Honum (þgf.et.) **sýndust** (ft.) vera jeppaslóðir (nf.ft.) í snjónum.
- T3057 Henni(þgf.et.) **fundust** (ft.) þær (nf.ft.) frekar leiðinlegar.
  
- T3069 Henni (þgf.et.) **fannst** (et.) þær (nf.ft.) mjög skemmtilegar.
- T3085 Þeim (þgf.ft.) **hafa** (ft.) alltaf fundist óvissuferðir (nf.ft.) skemmtilegar.
- T3100 Mér (þgf.et.) **sýnast** (ft.) nemendurnir (ft.) hafa rétt fyrir sér.
- T3112 Mér (þgf.ft.) **sýnist** (et.) starfsmennirnir (nf.ft.) hafa staðið sig vel.

Þessi setningahópur er svipaður þeim fyrsta og snýst könnunin um það sama eða hvort algengara er að nota samræmisleysi eða samræmi. Með nafnháttarsambandi er átt við

þegar fallorð í nafnháttarsambandi stendur í nefnifalli fleirtölu og er merkingarlegt frumlag nafnháttarsambandsins. Til frekari skýringa hefur sögninni *vera* í nafnhætti verið bætt inn í setningarnar hér að neðan. Athugað var hvort sögnin sem tekur nafnháttarsambandið með sér lagi sig í tölu að nefnifallsorðinu þegar frumlag hennar er í þágufalli eintölu:

T3035 Henni (þgf.et.) **heyrðist** (et.) [vera **gangtruflanir** (ft.) í bílnum].

T3047 Honum (þgf.et.) **sýndust** (ft.) [vera **jeppaslóðir** (ft.) í snjónum].

T3100 Mér (þgf.et.) **sýnast** (ft.) [**nemendurnir** (ft.) hafa rétt fyrir sér].

T3112 Mér (þgf.et.) **sýnist** (et.) [**starfsmennirnir** (ft.) hafa staðið sig vel].

Ef sögninni *vera* er sleppt úr svipuðum nafnháttarsamböndum eru þau stundum nefnd **smáklausur**. Athugað var hvort nefnifallsliðir í slíkum samböndum geti stýrt tölusamræmi á sögninni sem tekur smáklausuna með sér og hefur frumlag í þgf.et. eða ft. Í öllum smáklausunum hér að neðan mætti hafa sögnina *vera* í nafnhætti:

T3016 Þeim (þgf.ft.) **hefur** (et.) alltaf fundist [**spurningaþættir** (nf.ft.) skemmtilegir].

T3057 Henni (þgf.et.) **fundust** (ft.) [**þær** (nf.ft.) frekar leiðinlegar].

T3069 Henni (þgf.et.) **fannst** (et.) [**þær** (nf.ft.) mjög skemmtilegar].

T3085 Þeim (þgf.ft.) **hafa** (ft.) alltaf fundist [**óvissuferðir** (nf.ft.) skemmtilegar].

### Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls:

TK3.4 Helmingur (nf.et.) nemenda (ef.ft.) **tala** (ft.) / **talar** (et.) ekki íslensku.

TK3.7 Stór hluti (nf.et.) íbúa (ef.ft.) **býr** (et.) / **búa** (ft.) við mikla fátækt.

T2047 Fjöldi (nf.et.) nemenda (ef.ft.) **vöknuðu** (ft.) of seint morguninn eftir.

T2060 Fjöldi (nf.et.) áhorfenda (ef.ft.) **fagnaði** (et.) markinu innilega.

T2070 Meirihluti (nf.et.) þingmanna (ef.ft.) **höfnuðu** (ft.) tillögnum.

T2080 Stór hluti (nf.et.) starfsmanna (ef.ft.) **hafnaði** (et.) honum.

Þessar setningar eiga það allar sameiginlegt að frumlag þeirra inniheldur eignarfallseinkunn sem vísar í þá heild sem aðalorðið er hluti af. Aðalorðið er eintöluorð en eignarfallseinkunnin er í fleirtölu. Kannað var hvort algengara sé að samræma sögnina aðalorðinu eða eignarfallseinkunninni og þá hvort greina megi meiri fylgni við einhvern hópanna umfram aðra.

### **Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning:**

TK3 Hann veit að tveir plús tveir **er/eru** fjórir.

TK15 Í svörtum fötum **spilaði/spiluðu** til klukkan þrjú.

ÞK3.4 FH **var búíð/voru búnir/var búnir** að hafa forystu allt sumarið.

Kannað var hvort algengara er að samræma sögn et. eða ft. Einnig hvort sögnin sé samræmd hópnum sem merking orðsins stendur fyrir.

Könnunin varpar ljósi á hvort munur er á mati unglunga og eldra fólks og þá gæti væntanlega verið um málbreytingar að ræða. Einnig hvort menntun hefur eitthvað að segja varðandi mat á tilbrigðum og ef ekki þá má leiða líkur að því að mat einstaklinga haldist svipað þrátt fyrir aukna menntun. Ólík einkenni er að finna í framburði landsmanna eftir landshlutum eins og kunnugt er (harðmæli, raddaður framburður, einhljóðaframburður o.fl.) en ekki hefur enn verið leitt í ljós hvort þau tilbrigði sem eru athugunarefni þessarar ritgerðar eigi sterkari tengsl við einn landshluta umfram annan. Það var athugað í þessari könnun. Í stuttu máli er leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- 1) Er mat kynjanna á samræmi svipað eða er munur þar á?
- 2) Er munur á mati ungs fólks og þeirra sem eldri eru?
- 3) Hefur aukin menntun áhrif á mat varðandi samræmi?
- 4) Hefur búseta áhrif á mat fólks?

Áður hefur verið kannað hvort fylgni sé við landshluta á því hverjir samþykkja *Tölusamræmi sagnar við nefnifallsandlag í einföldum setningum* (Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir 2011a) og einnig hvort tengsl séu milli kyns, aldurs og menntunar við þrjá fyrstu setningahópna sem eru tilteknir hér að ofan (Guðbjörg Elín

Ragnarsdóttir 2011b). Þær kannanir eru felldar inn í þessa rannsókn. Í ljós kom að ekki var um mun að ræða á milli landshluta. Hvað varðar síðari könnunina kom í ljós einstaka munur á mati milli aldurs- og menntahópa og í niðurstöðukafla þessarar ritgerðar má sjá ítarlegri umfjöllun um þær niðurstöður. Áður en að könnuninni kemur er rétt að skoða hvernig staðið var að öflun gagnanna.

### 3 Aðferðir og gögn

#### 3.1 Þátttakendur og framkvæmd

Ýmsir málfræðingar greina annars vegar á milli „raunverulegra dæma“ sem finnast í bókum, blöðum og á netinu og hins vegar „tilbúinna dæma“ sem eru búin til af málfræðingum og notuð í skipulögðum könnunum. Telja þeir málfræðingar að eingöngu raunverulegu dæmin séu marktæk í málfræðirannsóknum (Höskuldur Þráinsson 2009:12). Deila má um hvort þeir hafi rétt fyrir sér. Til dæmis má benda á að bækur eru prófarkalesnar af fagfólki og einnig stór hluti blaða og tímarit. Varla sýnir það hina almennu málnotkun og hlýtur því að skekkja myndina. Netíð er svo aftur á móti á hinum kantinum því ýmislegt er sett þar í fljótheitum og að hluta til má kannski líkja því við talmál og þá hugleiða hvort þar sé hina raunverulegu málkunnáttu að finna.

Könnun þessarar ritgerðar er unnin úr gögnum sem var aflað í verkefninu **Tilbrigði í íslenskri setningagerð** og byggir á þremur skriflegum yfirlitskönnunum. Halldór Ármann Sigurðsson (1992:66) bendir á að skrifleg könnun sé hentugri en sú sem byggir á samtalsaðferð því erfitt sé að koma í veg fyrir að þátttakendur skynji væntingar spyrjandans í þeirri munnlegu. Skrifleg könnun hafi því síður áhrif á niðurstöðurnar. Hér verður vísað í þessar þrjár kannanir sem Tilbrigðakönnun 1, Tilbrigðakönnun 2 og Tilbrigðakönnun 3. Fjöldi þátttakenda er svipaður í öllum þremur könnunum eða 772 í Tilbrigðakönnun 1, 755 í Tilbrigðakönnun 2 og 714 í Tilbrigðakönnun 3 (Höskuldur Þráinsson 2011:4).

Í Tilbrigðakönnununum var úrtakið valið eftir ákveðnum leiðum og fengu rannsakendur á hverjum stað nákvæmar leiðbeiningar um hvernig því skyldi háttað. Þátttakendur eru frá um 30 stöðum víðs vegar á landinu sem er skipt niður í átta landshluta. Leitast var við að ná til þátttakenda sem voru uppaldir og/eða höfðu búið til lengri tíma á tilteknu svæði svo hægt væri að kanna fylgni ýmissa þátta eftir landssvæðum. Lagt var upp með að á hverjum stað væru ekki færri en átta þátttakendur í úrtaki og kynjahlutfall þátttakenda skyldi vera jafnt. Skipað er niður í fjóra aldurshópa og er nokkuð svipaður fjöldi í hverjum hópi. Þó eru fleiri í yngsta hópnum sem byggir á nemendum 9. bekkjar. Næsti hópur er aldurinn 20-25 ára, þriðji hópurinn er á aldrinum 40-45 ára og sá elsti er 65-70 ára. Fyrir kom að ekki var hægt að fylgja ofangreindum viðmiðum eftir í einu og öllu en þó var búsetuskilyrðum haldið nærri því sem stefnt var

að. Þátttakendur sem þóttu hafa svarað handahófskennt voru grísaðir frá til þess að skekkja ekki úrlausnir og voru tvær prófsetningar notaðar til þess að meta þá. Þær eru þannig úr garði gerðar að búist er við að flestir hafni annarri en samþykki hina (Höskuldur Þráinsson 2011:10-11).

### 3.2 Rannsóknarefni

Tilbrigðakannanirnar þrjár gáfu af sér gríðarlega mikið safn upplýsinga sem mun án efa nýtast til margs konar athugana og rannsókna á málnotkun og þróun málsins. Setningarnar sem eru prófaðar í þessari könnun eru 24 talsins og skiptast niður í áður nefnda fjóra hópa (sjá nánar í kafla 2.3. hér framar):

- a) Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum.
- b) Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu.
- c) Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls.
- d) Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning.

Setningarnar eru þannig að ýmist er í þeim það samræmi sem verið er að kanna fylgni við eða ekki. Sem dæmi má nefna setningu **T3112** sem er svohljóðandi: *Mér sýnist starfsmennirnir hafa staðið sig vel*. Þetta er dæmigerð setning þar sem ekki er samræmi milli sagnarinnar og nefnifallsandlagsins (starfsmennirnir) heldur stendur hún í 3. persónu eintölu.

Svarmöguleikarnir eru mismunandi, allt eftir gerð setninga. Við mat setninganna í hópnum *Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum* og *Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu* er notuð sú leið að bjóða upp á þrjá svarmöguleika:

- a) Já = Eðlileg setning. Svona get ég vel sagt.
- b) ? = Vafasöm setning. Ég myndi varla segja svona.
- c) Nei = Ótæk setning. Svona get ég ekki sagt.

Svarmöguleikarnir fengu tölugildi þegar gögnin voru slegin inn í tölvu. *Já* hefur tölugildið 1, *?* hefur tölugildið 2 og *nei* hefur tölugildið 3. Við mat á fjórum af sex setningum sem eru í hópnum *Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls* er notuð sama leið en við mat á setningum *Helmingur nemenda tala/talar ekki íslensku* og *Stór hluti íbúa býr/búa við mikla fátækt* er val á milli tveggja mismunandi tilbrigða og að auki að



samþykkja báða kosti. Í hópi setninga *Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning* eru valmöguleikarnir ýmist þrjú eða fimm og átta þátttakendur að dæma hvern og einn:

- a) Í svörtum fötum **spilaði** til klukkan þrjú.  
Í svörtum fötum **spiluðu** til klukkan þrjú.  
Í svörtum fötum **spilaði / spiluðu** til klukkan þrjú.
  
- b) FH **var búið** að hafa forystu allt sumarið.  
FH **voru búnir** að hafa forystu allt sumarið.  
FH **var búnir** að hafa forystu allt sumarið.  
FH **var búið / voru búnir** að hafa forystu allt sumarið.  
FH **voru búnir / var búnir** að hafa forystu allt sumarið.

### 3.3 Úrvinnsla gagna

Tölfræðiforritið SPSS er notað við úrvinnslu gagnanna. Setningar sem ekki eru metnar af þátttakendum eru skilgreindar með tölunni 9. Ekki verður tekið sérstakt tillit til þeirra við úrvinnslu gagnanna þar sem tala þeirra er mjög lág í öllum tilfellum og því ekki talin skekkja niðurstöður.

Skoðað er hlutfall þátttakenda sem samþykkir samræmi samanborið við þá sem ekki gera það. Einnig er meðaleinkunn setninga sem eru af sama meiði skoðuð en gerðar eru nýjar breytur sem innihalda þær setningar sem eiga saman í hópi. T.d. er gerð sérstök breyta fyrir þær setningar sem eru með tölusamræmi á milli sagnar og nefnifallsandlags. Með þeim hætti er mögulegt að sjá heildarmat þátttakenda á því samræmi. Allar setningarnar eru skoðaðar út frá félagsbreytunum aldri, kyni, menntun og að auki er athugað hvort munur sé á milli landshluta.

Breytunum er öllum gefið tölugildi í SPSS. Aldurshóparnir hafa tölugildi frá einum upp í fjóra. Yngsti hópurinn hefur gildið einn og sá elsti þá fjóra. Karl hefur tölugildið einn en kona tvo. Menntahópunum er skipt í þrjú hópa. Grunnskólagengnir hafa gildið einn, framhaldsskólagengnir tvo og háskólagengnir gildið þrjú. Landshlutarnir hafa tilviljunarkennt númer frá einum upp í átta.

Notast er við marktæktarmörkin 95% vissu sem merkir að niðurstaða er ekki talin tölfræðilega marktæk nema mörkin séu 95% eða lægri. Ef p-gildið er 0.05 eða minna eru 95% eða meiri líkur á að fylgnin milli breytna sé ekki tilviljun. Gildi

fylgnistuðulsins Pearson's  $r$  eru frá  $-1$  upp í  $+1$ . Mínusgildin tákna neikvæða fylgni en plúsgildin jákvæða sem merkir að fylgnin er meiri eftir því sem stuðullinn fjarlægist núll, sem merkir enga fylgni, í báðar áttir. Tölurnar  $0,1$  og  $-0,1$  tákna veika fylgni,  $0,3$  og  $-0,3$  tákna meðalfylgni og  $0,5$  og  $-0,5$  tákna mikla fylgni. Jákvæð fylgni merkir að tölugildin sem verið er að bera saman fylgjast að. Þ.e. ef annað hækkar þá hækkar hitt líka. Neikvæð fylgni merkir að því hærra sem annað gildið er því lægra er hitt. Mínustölurnar í þessari könnun merkja þá að fylgni já-svara (þau hafa lægsta tölugildið eða 1) er við hærri aldur, meiri menntun eða konur þar sem þeir hópar hafa herra tölugildi innan SPSS. Lítum á dæmi:

(15) a.  $r = 0,009 / p = 0,804$

b.  $r = 0,109 / p = 0,004$

Í dæmi (15.a) er engin fylgni þar sem  $r$  er langt undir  $0,1$  og einnig má sjá að þar sem  $p$  er stærra en  $0,05$  ( $0,804$ ) er ekki um marktæka fylgni að ræða. Í (15.b) er hins vegar veik fylgni þar sem  $r$  er stærra en  $0,1$  og  $p$ -gildið merkir að fylgnin sé marktæk því það er minna en  $0,05$ . Ástæðan fyrir því að þessi veika fylgni telst tölfræðilega marktæk er sú að þátttakendur í könnuninni voru svo margir. Almennt gildir að því færri sem þátttakendurnir eru, því sterkari þarf fylgnin að vera til þess að hún mælist tölfræðilega marktæk.

Í næsta kafla eru niðurstöðutölur birtar í töflum. Skoðuð er fylgni hverrar setningar við félagsbreyturnar fjórar, aldur, kyn, menntun og landshluta.

## 4 Niðurstöður

### 4.1 Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum

#### 4.1.1 Almenn tölur

Fyrsti setningahópurinn sem er kannaður inniheldur þrjár setningar með tölusamræmi sagnar og nefnifallsandlags og þrjár setningar sem eru án samræmis. Eins og fram kom í inngangi er lítið fjallað um samræmi af þessari gerð í íslenskukennslu grunnskólanna og jafnvel framhaldsskólanna.

Tafla 4.1, inniheldur allar sex setningarnar og sýnir svarhlutfall þátttakenda í prósentum.

	Númer	Setning	Já	?	Nei	=	fjöldi
<b>a</b>	L3.7	Honum <b>leiddust</b> tónleikarnir mjög mikið	74,6	15,6	9,7	100	710
<b>b</b>	T3004	Henni <b>hafa</b> alltaf leiðst langar bíómyndir	51,7	22,1	26,3	100	712
<b>c</b>	T3074	Það <b>hafa</b> mörgum blöskrað þessi ummæli	51,7	22,0	26,3	100	712
<b>d</b>	L3.21	Henni <b>leiddist</b> samt píanótímarnir alveg ofsalega	63,4	18,8	17,7	100	711
<b>e</b>	T3021	Honum <b>hefur</b> alltaf leiðst langir stjórnarfundir	73,2	12,5	14,2	100	710
<b>f</b>	T3030	Það <b>hefur</b> sumum blöskrað þessi ummæli	41,5	22,2	36,3	100	711

Tafla 4.1. Mat á setningum með eða án tölusamræmis við andlag í nefnifalli.

Setningar **a** og **d** eru nánast eins fyrir utan að setning **a** er með sagnasamræmi við nefnifallsandlagið en setning **d** er án þess. Sjá má að mat þátttakenda er mjög svipað á þessum tveimur tilbrigðum. Munar um 10% á þeim sem samþykkja setningarnar og einnig á þeim sem telja þær ótækar. Samræmið hefur meiri fylgni.

Setningar **b** og **e** eru mjög líkar en þar hefur setning **e**, samræmisleysi, vinninginn því rúmlega 20% fleiri samþykkja það en samræmið við andlagið. Setningar **c** og **f** eru sambærilegar og þar eru jafnmargir sem merkja við ?, *Vafasöm setning Ég myndi varla segja svona*, en 10% fleiri kjósa samræmi við nefnifallsandlag umfram samræmisleysi.

Þessi tafla sýnir að það er nánast enginn munur á því hverjir samþykkja setningar **b** og **c** og allar tölur eru svo til eins. Hins vegar eru töluvert fleiri sem samþykkja setningu **a**. Setningarnar eru af sama meiði en þó eru **b** og **c** líkari því þar er andlagið slitið frá sögninni og gæti skýringu verið að finna þar en í setningu **a**, *honum*

*leiddust tónleikarnir mjög mikið*, kemur andlagið strax á eftir sögninni sem gæti haft áhrif á hversu jákvæðir þátttakendur voru í garð hennar.

Varðandi setningar **d**, **e** og **f**, þar sem ekki er um samræmi að ræða, fá **d** og **e** svipaða einkunn en **f** sker sig úr. Nánast jafn margir telja hana ótæka og tæka og 22,2% merkja við ?. Meðal athugasemda sem þátttakendur gerðu við hana er að breyta *hefur í hafa* en einnig að henda *það* burtu og byrja setninguna á *sumum*, sbr. *sumum hefur blöskrað*. Því virðist sem *það* trufla málvitund þátttakenda jafnvel meira en fjarlægð andlagsins frá sögninni. Athygli vekur hversu jákvæða dóma samræmislausu setningarnar **d** og **e** fá en aðeins 17% þátttakenda metur setningu **d** ótæka og 14,2% setningu **e**.

Stór hópur þátttakenda merkir við ? eða frá um 12-22% og er það í sumum tilfellum stærri hópur en sá sem merkir við nei, ótæk setning í samræmislausu setningunum

Flestar athugasemdir sem þátttakendur gerðu við setningu **a** var að breyta sögninni úr *leiddust í leiddist*. Einnig var falli fornafnsins *honum* breytt í *hann* og sögninni var einnig breytt í því tilfelli sbr.: *Hann leiddist tónleikarnir mjög mikið*. Eitthvað var um að þátttakendur væru í vafa og merktu þá bæði við ? og nei, *ótæk setning*. Heil 22% merkja við ?, *Vafasöm setning*. *Ég myndi varla segja svona*, við setningu **b** en þó voru aðeins fjórir þátttakendur sem gerðu athugasemdir vegna hennar og í öllum tilfellum var sögninni breytt úr *hafa* í *hefur*. Rétt eins og sögninni er breytt í setningu **a** úr *leiddust í leiddist* er henni breytt á hinn bóginn af svipuðum fjölda í setningu **d**: *Henni leiddist samt píanótímarnir alveg ofsalega*. Setning **e** fær mjög jákvæða dóma. Þar er sögnin *hefur* í 3. persónu eintölu (samræmisleysi) en hún hlýtur rúmlega 20% meiri fylgni en setning **b** þar sem sögnin samræmist nefnifallsandlaginu.

#### 4.1.2 Tengsl við aldur

Í töflu 4.2. sést prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar eftir aldri þátttakenda. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við aldur (merkt r fyrir Pearson's r) ásamt p-gildi sem sýnir hvort fylgnin við aldur sé marktæk. Nemendur í 9. bekk grunnskóla tilheyra yngsta hópnum.

		Setning	9b	20-25	40-45	65-70	r	p
<b>a</b>	L3.7	Honum <b>leiddust</b> tónleikarnir mjög mikið	58,2	79,3	<b>83,2</b>	81,0	-,172	,000
<b>b</b>	T3004	Henni <b>hafa</b> alltaf leiðst langar bíómyndir	50,5	64,8	71,4	<b>77,4</b>	-,183	,000
<b>c</b>	T3074	Það <b>hafa</b> mörgum blöskrað þessi ummæli	39,8	<b>59,6</b>	51,2	58,2	-,055	,141
<b>d</b>	L3.21	Henni <b>leiddist</b> samt píanótímarnir alveg ofsalega	71,0	<b>74,9</b>	53,3	52,1	,220	,000
<b>e</b>	T3021	Honum <b>hefur</b> alltaf leiðst langir stjórnarfundir	63,7	<b>81,5</b>	76,2	73,0	,002	,967
<b>f</b>	T3030	Það <b>hefur</b> sumum blöskrað þessi ummæli	36,8	39,0	41,1	<b>50,3</b>	-,063	,093

Tafla 4.2. Hlutfall sem samþykkir setningar með eða án tölusamræmis við nefnifallsandlag, flokkað eftir aldri þátttakenda.

Setning **a** hefur þökkalega fylgni við aldur og eru þrír elstu aldurshóparnir nokkuð sammála. Fylgni við setningu **d** er enn meiri og eru það yngri hóparnir tveir sem eru jákvæðastir gagnvart samræmisleysinu. Samkvæmt þessum tveimur setningum er yngsti hópurinn neikvæðastur gagnvart samræminu.

Næstu tvær setningar, **b** og **e**, sýna aðeins meiri óreglu. Samræmissetning **b** hefur fína fylgni við elsta hópin og einnig við þann næstelsta. Setning **e** hefur aftur mesta fylgni við hópin 20-25 ára og yngsti hópurinn er neikvæðastur gagnvart henni. Þetta kemur því þvert á niðurstöðu setningar **b**.

Setningar **c** og **f** eru samþykktar af jafnmörgum í yngsta aldurshópnum og mestan mun má sjá í næstýngsta hópnum en 20% fleiri í þeirra hópi eru hlynntari samræmi sagnarinnar við andlagið, setningu **c**, en samræmisleysið. Elstu hóparnir tveir sýna nokkuð svipaða tölu.

Prósentutölurnar sýna að munur er á mati aldurshópanna á fyrstu tveimur setningunum, **a** og **b**. Fylgnin er vel marktæk, liggur á milli þess að vera veik og miðlungs og er munurinn mestur á milli yngsta aldurshópsins og tveggja elstu eða um og yfir 20%. Fylgnin við setningu **c** er lítil sem engin. Ekki er regla á fylgninni þar sem þrír elstu hóparnir skiptast á að vera jákvæðastir gagnvart setningunum með samræmið, þó eru í öllum tilfellum flestir úr yngsta hópnum sem hafna þeim.

Af seinni þremur setningunum er aðeins um marktæka fylgni að ræða við **d** og er útkoman þar í samræmi við fyrri þrjár setningarnar því fæstir í tveimur elstu hópnum samþykkja þær sem ekki eru með samræmi milli sagnar og andlags.

Í heildina er útkoman þannig að yngsti hópurinn kýs sjaldnast samræmið en mat hinna þriggja aldurshópanna er nokkuð jafnt. Í matinu á samræmisleysissetningunum eru hóparnir nánast eins fyrir utan hóp 20-25 ára sem er hlynntastur þeim setningum.

Tengsl við aldur eru óregluleg, eins og sjá má í töflu 4.3. svo ekki er hægt að fullyrða neitt um að tilbrigði af þessari gerð séu að breytast með nýjum kynslóðum.

Meðaleinkunn eftir aldri	9b	20-25	40-45	65-70	r	p
Setningar L3.7+T3004+T3074	1,7283	1,4800	1,4930	1,4229	-0,208	0,000
Setningar L3.21+T3021+T3030	1,6217	1,5443	1,6926	1,6892	0,068	0,069

Tafla 4.3. Meðaleinkunn með eða án tölusamræmis við nefnifallsandlag, flokkað eftir aldri þátttakenda.

Í töflu 4.3 hér að ofan má líta á heildarútkomu setninganna. Fyrri setningahópurinn, sem inniheldur setningar sem hafa tölusamræmi sagnar og nefnifallsandlags, sýnir fylgni við aldur og er hún mjög marktæk. Þar sker yngsti hópurinn sig frá hinum þremur sem allir sýna meðaleinkunn um 1,5.

Síðari setningahópurinn sýnir nánast enga og ómarktæka fylgni en meðaleinkunn allra aldursflokka liggur nálægt 1,6. Elstu hóparnir tveir gefa þar örlítið hærri einkunn en elsti hópurinn (65-70 ára) er að meðaltali sáttastur við samræmi sagnar við nefnifallsandlag. Mestur munur er á milli yngsta og elsta hópsins varðandi mat á fyrri setningahópnum og er það í samræmi við það sem kemur fram í töflu 4.2. Getur þetta bent til þess að tölusamræmi sagnar við nefnifallsandlag sé á undanhaldi eða einfaldlega að mat á því breytist þegar komið er inn í fullorðinsárin. Samræmisleysi er hins vegar óbreytt á milli aldurshópanna.

#### 4.1.3 Tengsl við kyn

Tafla 4.4. sýnir hlutfall þeirra sem samþykkir tölusamræmið flokkað eftir kyni þátttakenda. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við kynin (merkt r fyrir Pearson's r) ásamt p-gildi sem sýnir hvort fylgnin við kynin sé marktæk.

		Setning	kona	karl	r	p
a	L3.7	Honum <b>leiddust</b> tónleikarnir mjög mikið	74,2	75,1	,034	,362
b	T3004	Henni <b>hafa</b> alltaf leiðst langar bíómyndir	62,8	68,0	,086	,022
c	T3074	Það <b>hafa</b> mörgum blöskrað þessi ummæli	48,6	55,0	,060	,002
d	L3.21	Henni <b>leiddist</b> samt píanótímarnir alveg ofsalega	60,8	66,4	,095	,011
e	T3021	Honum <b>hefur</b> alltaf leiðst langir stjórnarfundir	71,7	75,0	,077	,040
f	T3030	Það <b>hefur</b> sumum blöskrað þessi ummæli	37,7	45,6	,084	,025

Tafla 4.4. Hlutfall þeirra sem samþykkir setningar með eða án tölusamræmis við nefnifallsandlag, flokkað eftir kyni.

Samkvæmt þessum tölum er vart munur á milli kynja. Fylgni matsins við kynin er nánast engin eins og sjá má þar sem fylgnistuðullinn ( $r$ ) er alls staðar undir 0.1 sem er viðmið veikrar fylgni. Fylgnin mælist reyndar marktæk alls staðar, þó lítil sé, nema við setningu **a** þar sem kynin eru mjög sammála. Einnig má sjá að þó lítil munur sé milli kynjanna eru karlar þó örlítið sáttari við fyrstu þrjár setningarnar þar sem tölusamræmi er á milli sagnar og nefnifallsandlagsins. Þeir eru einnig viljugri til að samþykkja þær þrjár setningar sem eru án samræmisins og greinilegt er að hluti beggja kynja samþykkir hvora tveggja gerðina. Tafla 4.5. sýnir hversu sammála kynin eru í mati sínu á tölusamræmi sagnar við nefnifallsandlag.

Meðaleinkunn eftir kyni	kona	karl	r	p
Setningar L3.7+T3004+T3074	1,5637	1,519	0,058	0,126
Setningar L3.21+T3021+T3030	1,6825	1,5812	0,001	0,126

Tafla 4.5. Meðaleinkunn setninga með eða án tölusamræmis sagnar við nefnifallsandlag, flokkað eftir kyni.

Samkvæmt meðaleinkunninni í töflu 4.5 er ómarktækur munur á því hvernig konur og karlar meta setningarnar en einkunn þeirra liggur í öllum tilvikum í kringum 1,5. Já hefur tölugildið 1, ? hefur tölugildið 2 og nei hefur tölugildið 3 þannig að eftir því sem einkunnin er hærri þeim mun neikvæðari dóma hlýtur viðkomandi setningahópur. Eins og sjá má eru konurnar ívið neikvæðari í mati sínu hvort heldur sem um samræmi (setningar L3.7+T3004+T3074) er að ræða eða ekki. Konur eru oft fyrri til að taka upp ný tilbrigði í málinu en það á vart við varðandi þessi tilbrigði þó þær samþykki reyndar aðeins oftar samræmisleysið en karlarnir. Niðurstaðan er sú að kynin eru samstíga hvað þetta varðar.

#### 4.1.4 Tengsl við menntun

Í töflu 4.6. má sjá prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar flokkað eftir menntun þátttakenda eða hvort þeir eru með grunnskóla-, framhaldsskóla- eða háskólamenntun. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við menntun (merkt  $r$  fyrir Pearson's  $r$ ) ásamt  $p$ -gildi sem sýnir hvort fylgnin við menntun sé marktæk.

	Númer	Setning	gr.sk	frh.sk	hásk.	r	p
<b>a</b>	L3.7	Honum <b>leiddust</b> tónleikarnir mjög mikið	69,4	<b>79,2</b>	<b>79,2</b>	-,107	,010
<b>b</b>	T3004	Henni <b>hafa</b> alltaf leiðst langar bíómyndir	59,1	<b>74,1</b>	71,8	-,142	,001
<b>c</b>	T3074	Það <b>hafa</b> mörgum blöskrað þessi ummæli	45,0	<b>54,9</b>	50,6	-,002	,954
<b>d</b>	L3.21	Henni <b>leiddist</b> samt píanótímarnir alveg ofsalega	<b>67,2</b>	64,4	51,3	,129	,002
<b>e</b>	T3021	Honum <b>hefur</b> alltaf leiðst langir stjórnarfundir	69,4	<b>76,7</b>	67,9	,002	,965
<b>f</b>	T3030	Það <b>hefur</b> sumum blöskrað þessi ummæli	40,5	<b>40,7</b>	25,6	,096	,021

Tafla 4.6. Hlutfall þeirra sem samþykkir setningar með eða án tölusamræmis við nefnifallsandlag. Flokkað eftir menntun þátttakenda.

Veik en marktæk fylgni er milli dóma þátttakenda og menntunar þeirra um setningu **a** og einnig setningu **d** og eru þær metnar eins hjá grunnskólagengnum. Munur er á mati framhaldsskólagenginna en um 15% fleiri úr þeirra hópi velja samræmið en samræmisleysið. Háskólagengnir eru einnig jákvæðari gagnvart tölusamræmi sagnarinnar við nefnifallsandlag eða hátt í 30% fleiri.

Munurinn er töluvert minni á mati hópanna varðandi setningar **b** og **e**. Framhaldsskólagengnir eru hlynntastir samræminu og fylgja háskólamenntaðir fast á hæla þeim. Grunnskólagengi hópurinn er aðeins neikvæðari gagnvart samræminu eða um 10-15% fleiri en í hinum menntahópunum tveimur. Hins vegar er vart mun að sjá í setningu **e** sem er án samræmisins. 10% fleiri úr hópi grunnskólagenginna kýs samræmisleysið en mjög svipað hlutfall hinna menntahópanna tveggja kýs samræmisleysi og samræmi.

Setningar **c** og **f** hljóta í öllum tilfellum minnstu fylgnina. Um helmingur allra hópanna samþykkir samræmissetningu **c** en aðeins 25% háskólamenntaðra samþykkir samræmisleysið í setningu **f**.

Niðurstaðan úr þessari töflu er sú að mjög veik en marktæk fylgni er við tvær af þremur samræmissetningum við menntun, eða við setningar **a** og **b**, en hins vegar er ekki marktæk fylgni milli dóma þátttakenda um setningu **c** sem er einnig samræmissetning og svipar þessari útkomu í heild við matið eftir aldri þátttakenda.

Fremur veik en marktæk fylgni mælist milli dóma þátttakenda um setningu **d** og menntunar. Grunnskólagengnir eru jákvæðastir gagnvart henni en fæstir háskólamenntaðra og á það einnig við um setningu **f**. Athyglisvert er að þessu er öðruvísi farið í setningu **e**, þar sem fylgnin mælist ekki marktæk, því háskóla- og grunnskólagengnir meta hana eins.

Tafla 4.7. hér að neðan sýnir meðaleinkunn setninga með og án tölusamræmis sagnar og nefnifallsandlag, flokkað eftir menntun þátttakenda.



Meðaleinkunn eftir menntun	gr.sk	frh.sk.	hásk.	r	p
Setningar L3.7+T3004+T3074	1,6309	1,4708	1,5132	-0,121	0,004
Setningar L3.21+T3021+T3030	1,6161	1,6371	1,8376	0,109	0,008

Tafla 4.7. Meðaleinkunn setninga með og án tölusamræmis sagnar og nefnifallsandlags. Flokkað eftir menntun þátttakenda.

Fylgni mælist veik en þó marktæk milli dóma þátttakenda hvorra tveggja setningahópanna eins og sjá má í töflu 4.7. Framhaldsskólamenntaðir eru örlítið hlynntari samræmissetningunum (setningar L3.7+T3004+T3074) en háskólamenntaðir (lægri einkunn merkir að fleiri samþykkja) og er þeim oftast hafnað af grunnskólagengnum.

Þeir sem hafna samræmisleysissetningunum eru flestir úr hópi háskólamenntaðra eins og fyrirfram var búist við. Fylgnin er marktæk en þó veik eða rétt yfir 0,1 sem er viðmið fyrir veika fylgni enda sýna tölurnar það að munurinn er mjög lítill eða aðeins um 0,2 (3 er hæsta einkunn sem hægt er að ná en þá þurfa allir þátttakendur að neita viðkomandi setningum) milli grunnskólamenntaðra og háskólamenntaðra. Í kafla 4.1.3. kom fram að samræmissetningarnar voru frekar samþykktar af þeim eldri en þeim yngri og voru það einna helst nemendur níunda bekkjar sem skáru sig frá hinum. Í ljósi þess að meiri munur er að sjá á milli aldurshópanna en menntahópanna og má því gera ráð fyrir að aldur sé áhrifaríkari þáttur en menntun hvað varðar samþykki á tölusamræminu. Sú ályktun er dregin þar sem í hópi grunnskólagenginna er fólk af mismunandi aldri en nemendur níundu bekkja eru allir á unglingsaldri.

#### 4.1.5 Tengsl við landshluta

Í töflu 4.8. má sjá prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar flokkað eftir landshlutum. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við landshlutana (merkt r fyrir Pearson's r) ásamt p-gildi sem sýnir hvort fylgnin við landshluta sé marktæk. Landshlutarnir eru skilgreindir í töflunni á eftirfarandi hátt: Reykjavík (Rvk), Reykjanes (R.nes), Suðurland (S.land), Austurland (Au.land), Norðurland Eystra (N.ey.), Norðurland Vestra (N.ve.), Vestfirðir (V.firð.), Vesturland (V.land).

		Setning	Rvk	R.nes	S.land	Au.land	N.ey.	N.ve.	V.firð.	V.land	r	p
a	L3.7	Honum leiddust tónleikarnir mjög mikið	76,5	65,4	<b>79,0</b>	78,0	74,2	75,9	66,7	71,0	0,005	0,483
b	T3004	Henni alltaf langar bío myndir <b>hafa</b> leiðst	63,5	50,0	69,4	63,6	64,0	64,8	<b>71,8</b>	64,5	0,001	0,508
c	T3074	Það mörgum blöskrað ummæli <b>hafa</b> þessi	44,4	53,8	55,6	56,9	48,1	40,7	56,4	<b>58,1</b>	0,002	0,572
d	L3.21	Henni samt píanótímarnir alveg ofsalega <b>leiddist</b>	65,7	60,0	67,2	60,2	56,9	68,5	62,8	<b>72,6</b>	0,001	0,511
e	T3021	Honum alltaf langir stjórnarfundir <b>hefur</b> leiðst	72,4	65,4	78,4	65,1	73,8	<b>77,4</b>	74,4	75,4	0,001	0,667
f	T3030	Það sumum blöskrað ummæli <b>hefur</b> þessi	28,9	<b>50,0</b>	45,6	48,6	41,6	35,8	39,7	43,5	0,000	0,407

Tafla 4.8. Prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar. Flokkað eftir landshlutum.

Lítill munur er á mati þátttakenda eftir landshlutum á samræmisetningum. Hlutfall þeirra sem samþykkir þær er mjög jafnt og hvergi er um marktækan mun að ræða. Þátttakendur á Suðurlandi eru að meðaltali jákvæðastir gagnvart samræminu en á Reykjanesi eru þeir neikvæðastir. Setningin *Henni leiddist samt píanótímarnir alveg ofsalega* fellur stórum hópi þátttakenda í öllum landshlutum vel en hún er samþykkt frá tæplega 60% upp í 73% tilfella.

Enn betur líkar þó þátttakendum við setninguna *Honum hefur alltaf leiðst langir stjórnarfundir* því þar er einungis fjórðungur sem ýmist hafnar henni alfarið eða merkir við ?, *Vafasöm setning, ég myndi varla segja svona*. Síðasta samræmislausu setningin neikvæðustu dóma þátttakenda og er hún ekki samþykkt nema af tæplega 30% Reykvíkinga. Þátttakendur af Reykjanesi og Austurlandi eru jákvæðastir gagnvart henni þar sem um helmingur samþykkir hana. Greinilegt er að tilbrigði af þessu tagi tengjast ekki ákveðnum landshlutum. Tafla 4.9. sýnir meðaleinkunn sem setningahóparnir fá við mat þátttakenda.

<b>Setningar: L3.7+T3004+T3074</b>	<b>meðaleinkunn</b>	<b>r</b>	<b>p</b>
Reykjavík	1,5754		
Reykjanes	1,7051		
Suðurland	1,4727		
Austurland	1,5140		
Norðurland eystra	1,5549		
Norðurland vestra	1,6173		
Vestfirðir	1,5128		
Vesturland	1,5323		
Meðaltal samtals	1,5408	-,011	,400

Tafla 4.9. Meðaleinkunn setninga með samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum. Flokkað eftir landshlutum.

Ekki er marktækur munur á milli landshluta. Meðaleinkunn samræmissetninganna liggur víðast í kringum 1,5. Þátttakendur frá Reykjanesi samþykkja samkvæmt þessu síst samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum en meðaleinkunn þeirra er 1,7 (já = 1, ? = 2, nei = 3). Þátttakendur á Suðurlandi fá lægstu meðaleinkunnina. Meðaltal meðaleinkunnanna er 1,5408 og ekki er um marktækan mun að ræða á milli landshluta. Tafla 4.10 sýnir meðaleinkunn sem landshlutarnir gefa samræmislausu setningunum í hópnun *Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum*.

<b>Setningar: L3.21+T3021+T3030</b>	<b>meðaleinkunn</b>	<b>r</b>	<b>p</b>
Reykjavík	1,7148		
Reykjanes	1,6400		
Suðurland	1,5493		
Austurland	1,6512		
Norðurland eystra	1,6688		
Norðurland vestra	1,6289		
Vestfirðir	1,6410		
Vesturland	1,5574		
Meðaltal samtals	1,6346	-,031	,435

Tafla 4.10. Meðaleinkunn setninga án samræmis við nefnifallsandlag í einföldum setningum. Flokkað eftir landshlutum.

Ekki er marktækur munur á milli landshluta. Samkvæmt töflu 4.10. samþykkja Reykvíkingar síst samræmisleysið en Suðurland og Vesturland oftast. Ekki er marktækur munur á milli landshluta og einkunnir þeirra allra mjög áþekkar. Meðaltalseinkunn samræmisleysissetninganna er örlítið hærri en setninganna sem hafa samræmið svo heildarútkoman er sú að samræmið fær betri dóma.

## 4.2 Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu

### 4.2.1 Almenn t yfirlit

Hér er um svipaðan setningahóp að ræða og þann sem fjallað er um í kafla 4.1. Kannað er hvort málnotendur (þátttakendur rannsóknarinnar) kjósi að samræma sögnina nefnifallsliðum<sup>2</sup> setninga fremur en að láta hana standa í 3. persónu eintölu.

Tafla 4.11. sýnir þær setningar sem tilheyra hópnum *Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu*. Um er að ræða fjórar setningar þar sem samræmi er milli sagnarinnar og nefnifallsliðsins og fjórar sem eru án samræmis.

	Númer	Setning	já	?	nei	=	Fjöldi
<b>a</b>	T3047	Honum <b>sýndust</b> vera jeppaslóðir í snjónum	61,6	19,7	18,7	100	711
<b>b</b>	T3057	Henni <b>fundust</b> þær frekar leiðinlegar	43,0	17,3	39,7	100	712
<b>c</b>	T3085	Þeim <b>hafa</b> alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar	63,3	14,8	21,9	100	711
<b>d</b>	T3100	Mér <b>sýnast</b> nemendurnir hafa rétt fyrir sér	48,7	17,6	33,7	100	712
<b>e</b>	T3016	Þeim <b>hefur</b> alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir	82,7	7,5	9,8	100	711
<b>f</b>	T3035	Henni <b>heyrðist</b> vera gangtruflanir í bílnum	52,4	24,5	23,1	100	710
<b>g</b>	T3069	Henni <b>fannst</b> þær mjög skemmtilegar	89,0	6,0	4,9	100	712
<b>h</b>	T3112	Mér <b>sýnist</b> starfsmennirnir hafa staðið sig vel	81,7	9,5	8,8	100	706

Tafla 4.11. Mat á setningum með samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu.

Samræmisleysi nýtur meira fylgis en samræmi sé horft til setninga **a** og **h** sem innihalda sömu sögnina því 20% þátttakenda samþykkja það umfram samræmið. Enn meiri munur er á milli samræmis og samræmisleysis þegar bornar eru saman setningar **d** og **h**, sem einnig innihalda sömu sögnina. Þá er munurinn orðinn yfir 30%.

Gríðarlega mikill munur er á setningum **b** og **g** sem innihalda sömu sögn. Samræmið, setning **b**, hlýtur aðeins 43% fylgi en samræmisleysið aftur á móti 89%.

Setningar **c** og **e** eru einnig svipaðar og fá samskonar dóma og **a** og **h**. 20% fleiri samþykkja samræmisleysið en samræmið við nefnifallsliðinn. Setning **f** er án samræmis og ríflega helmingur þátttakenda samþykkir hana.

Hlutfall þátttakenda sem samþykkir setningar **a** og **c** er mjög svipað og einnig það hlutfall sem telur þær vafasamar eða ótækar. Að sama skapi koma setningar **b** og **d**

<sup>2</sup> Fyrir valinu varð að kalla þennan lið nefnifallslið fremur en nefnifallsandlag því ekki er ótvírætt að þessi liður sé sama eðlis frá setningafræðilegu sjónarmiði og nefnifallsandlög í ósamsettum setningum, í það minnsta er hann það ekki frá merkingafræðilegu sjónarmiði.

álíka út og er lítill munur á dómum þátttakenda hvort setningarnar séu tækar eða ekki. Í tilfellum **b** og **c** er munurinn töluverður eða 20% á fjölda þeirra sem samþykkja setningarnar og þeirra sem telja þær ótækar. Tæpur helmingur samþykkir setningu **b** og 12 þátttakendur leggja til að sögninni sé breytt úr *fundust* í *fannst*. Nokkrir kjósa að breyta tíð hennar, ýmist í *finnst* eða *finnst*.

Þær fjórar setningar sem ekki hafa samræmið fá allar svipaða útkomu að undanskilinni setningu **f** þar sem rúmlega helmingur þátttakenda samþykkir setninguna en aftur á móti er yfir 80% þátttakenda sem samþykkja hinar þrjár. Hlýtur það að vekja undrun og þá ekki síður hversu lítill hópur dæmir þær ótækar eða undir 10% og sama má segja um þann fjölda sem er óviss fyrir utan setningu **f** en heill fjórðungur þátttakenda merkir við *?*, *Vafasöm setning. Ég myndi varla segja svona*. Helsta athugasemdin var að skipta út *heyrðist* í *heyrðust* og það gerðu um 10 þátttakendur. Einn var þó stórtækari í breytingartillögu sinni og lagði til að setningin yrði frekar *Henni fannst bíllinn ekki í lagi*.

Í heildina eru þátttakendur mun jákvæðari gagnvart samræmisleysi en samræminu við nefnifallið.

#### 4.2.2 Tengsl við aldur

Í töflu 4.12. má sjá prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar eftir aldri þátttakenda. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við menntun (merkt *r* fyrir Pearson's *r*) ásamt *p*-gildi sem sýnir hvort fylgnin við aldur sé marktæk.

		Setning	9b	20-25	40-45	65-70	r	p
<b>a</b>	T3047	Honum <b>sýndust</b> vera jeppaslóðir í snjónum	58,0	62,6	<b>64,3</b>	62,2	,000	,299
<b>b</b>	T3057	Henni <b>fundust</b> þær frekar leiðinlegar	37,3	36,3	48,5	<b>51,5</b>	-,109	,004
<b>c</b>	T3085	Þeim <b>hafa</b> alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar	<b>71,1</b>	60,3	57,5	62,8	,087	,020
<b>d</b>	T3100	Mér <b>sýnast</b> nemendurnir hafa rétt fyrir sér	50,5	46,9	46,4	<b>50,9</b>	,036	,339
<b>e</b>	T3016	Þeim <b>hefur</b> alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir	84,6	<b>87,6</b>	82,1	75,8	,118	,002
<b>f</b>	T3035	Henni <b>heyrðist</b> vera gangtruflanir í bílnum	<b>53,8</b>	50,3	52,4	53,0	,032	,390
<b>g</b>	T3069	Henni <b>fannst</b> þær mjög skemmtilegar	85,1	<b>96,1</b>	91,7	83,5	,024	,526
<b>h</b>	T3112	Mér <b>sýnist</b> starfsmennirnir hafa staðið sig vel	81,0	<b>86,9</b>	79,0	79,8	,059	,117

Tafla 4.12. Hlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar í hópnun Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu. Flokkað eftir aldri þátttakenda.

Setningar **a**, **d** og **h** innihalda sömu sögnina. **A** og **d** eru með samræminu og eins og kom fram í almenna yfirlitinu hér að ofan hlaut samræmið minni fylgni en

samræmisleysið. Sama er uppi á teningnum hér því allir aldurshóparnir eru hlyntari samræmisleysi sagnarinnar. Í öllum þremur tilfellum eru aldurshóparnir mjög sammála.

Setning **b** fær vægt til orða tekið lélega dóma. Einungis 36-50% þátttakenda samþykkja hana og eru tveir elstu hóparnir jákvæðastir en **g**, samræmislaus setningin, fær mun betri dóma eða frá 83-96% samþykkja hana. Næst yngsti hópurinn er jákvæðastur gagnvart setningu **g**.

Setningar **c** og **e** innihalda báðar sögnina *hafa* og þar hefur samræmisleysið vinninginn yfir samræminu þó ekki muni eins miklu og á setningum **b** og **g** en mikil óregla er á matinu. Flestir sem samþykkja samræmissetningu **c** eru úr yngsta hópnum og það gera um 8% fleiri en í elsta hópnum sem er sá sem næst oftast samþykkir samræmið.

Mat þátttakenda er mjög jafnt í öllum tilfellum. Mat á setningu **a** sýnir enga fylgni við aldur. Setning **b** sýnir veika en marktæka fylgni og þar er elsti aldurshópurinn jákvæðastur gagnvart setningunni en þó ekki nema rúmlega 50% þeirra. Þessu er öfugt farið í setningu **c** þar sem flestir þeirra sem samþykkja hana eru úr yngsta aldurshópnum sem kemur á óvart en fylgnin er reyndar mjög veik þó hún sé marktæk. Tíu þátttakendur breyta sögninni *hafa* í *hefur* í athugasemdum og eru flestir þeirra úr yngri aldursflokkunum tveimur. Nánast nákvæmlega sömu tölur eru við setningu **d** þar sem um helmingur þátttakenda í öllum fjórum aldursflokkunum samþykkir hana.

Síðari setningahópurinn þar sem ekki er um samræmið að ræða (*e, f, g og h*) kemur svipaður út úr matinu. Einu marktæku fylgnina þar við aldur er að sjá við setningu **e**. Þar hafna aðeins fleiri úr elsta aldurshópnum setningunni en úr hinum þremur hópnum en á heildina litið eru þátttakendur mjög sáttir við samræmisleysið og mun sáttari við það en að samræma sögnina nefnifallsliðnum.

Heildareinkunn setninganna sýnir enga fylgni við fyrri setningahópinn (þann með samræminu) og afar veika í þeim síðari eins og sjá má í töflu 4.13.

Meðaleinkunn eftir aldri	9b	20-25	40-45	65-70	r	p
Setningar T3047+T3057+T3085+T3100	1,7098	1,8003	1,7440	1,7298	0,004	0,908
Setningar T3016+T3035+T3069+T3112	1,3434	1,2861	1,3653	1,4328	0,093	0,014

Tafla 4.13. Meðaleinkunn setninganna Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu. Flokkað eftir aldri þátttakenda.

Frekar hefði mátt búast við því einhver munur væri á mati þessara samræmisetninga eftir aldri og því kemur það á óvart að niðurstaðan sé sú að aldur virðist hafa lítið að segja varðandi tengsl við samræmið sem bendir til þess að ekki sé um breytingu að ræða í tímans rás varðandi notkun á samræminu við nefnifallsliði af þessum toga.

#### 4.2.3 Tengsl við kyn

Tafla 4.14. sýnir hlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar flokkað eftir kyni þátttakenda. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við kynin (merkt r fyrir Pearson's r) ásamt p-gildi sem sýnir hvort fylgnin við kynin sé marktæk.

	Númer	Setning	kona	karl	r	p
<b>a</b>	T3047	Honum <b>sýndust</b> vera jeppaslóðir í snjónum	60,6	<b>62,8</b>	,035	,354
<b>b</b>	T3057	Henni <b>fundust</b> þær frekar leiðinlegar	36,1	<b>50,3</b>	,121	,001
<b>c</b>	T3085	Þeim <b>hafa</b> alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar	58,8	<b>67,8</b>	,059	,113
<b>d</b>	T3100	Mér <b>sýnast</b> nemendurnir hafa rétt fyrir sér	47,7	<b>50,0</b>	,038	,316
<b>e</b>	T3016	Þeim <b>hefur</b> alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir	80,1	<b>85,6</b>	,112	,003
<b>f</b>	T3035	Henni <b>heyrðist</b> vera gangtruflanir í bílnum	49,0	<b>56,0</b>	,096	,010
<b>g</b>	T3069	Henni <b>fannst</b> þær mjög skemmtilegar	<b>89,8</b>	88,2	-,040	,285
<b>h</b>	T3112	Mér <b>sýnist</b> starfsmennirnir hafa staðið sig vel	<b>83,0</b>	80,6	,019	,613

Tafla 4.14. Mat þátttakenda sem samþykkja setningarnar í floknum Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu, flokkað eftir kyni þátttakenda.

Karlarnir eru örlítið jákvæðari gagnvart setningum **a** og **d** sem eru báðar með samræmi sagnarinnar við nefnifallsliðinn en 3% fleiri úr hópi kvennanna kys samræmisleysið. Munurinn er þó mjög lítill á kynjunum.

Setning **b** fær lélega dóma og greinilegt að kynin kjósa frekar samræmisleysi með sögninni því setning **g** fær hátt í 90% samþykki beggja kynja. Að sama skapi hlýtur samræmislausu setningin **e** meiri fylgni en setning **c** sem er með sömu sögn en hefur samræmi við nefnifallsliðinn. Setning **f** er án samræmisins en hún hlýtur svipaða dóma og samræmisetningarnar og töluvert lélegri en hinar setningarnar sem eru án samræmis.

Samkvæmt þessu er mjög lítill munur á hvernig kynin meta þessar setningar, rétt eins og raunin var í hópnum *Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum*. Karlmenntu eru þó eftir sem áður örlítið hlynntari þeim í flestum tilfellum. Eins og sjá má þá er veik en marktæk fylgni við setningar **b** og **e** við kynin og setning **f** er nálægt því að ná veikri fylgni þar sem fylgnistuðullinn (r) er mjög nærri 0,1 sem er viðmiðið. Það er

Því aðeins ein setning sem mælist með marktæka fylgni af samræmissetningunum og karlarnir eru jákvæðari þar. Tvær í hópi setninganna sem eru án samræmisins mælast með fylgni við kynin og enn eru það karlarnir sem eru jákvæðari. Ef svipaðar setningar eru bornar saman kemur í ljós að sú samræmislausu hefur vinninginn í öllum tilfellum. Setningarnar *Henni fundust þær frekar leiðinlegar* og *Henni fannst þær mjög skemmtilegar* sýna þetta glögggt því þar fær samræmið einungis samþykki um 36% kvennanna en þær samþykkja hins vegar samræmisleysið í 90% tilfella. Tafla 4.15. sýnir glögglega að þær setningar sem ekki hafa samræmið fá betri dóma.

Meðaleinkunn eftir kyni	kona	karl	r	p
Setningar T3047+T3057+T3085+T3100	1,7974	1,6899	0,106	0,005
Setningar T3016+T3035+T3069+T3112	1,3750	1,3316	0,090	0,018

Tafla 4.15. Meðaleinkunn setninganna Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smákláusu, flokkað eftir kyni þátttakenda.

Eins og sjá má í töflu 4.15. sýnir heildarútkoma samræmissetninganna (setningar T3047+T3057+T3085+T3100) veika en marktæka fylgni við kynin. Fylgnin við samræmisleysið er vart mælanleg. Bæði kynin eru örlítið jákvæðari gagnvart þeim setningum sem **ekki** hafa samræmi heldur en samræmissetningunum.

#### 4.2.4 Tengsl við menntun

Tafla 4.16. sýnir hlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar flokkað eftir menntun þátttakenda. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við menntun (merkt r fyrir Pearson's r) ásamt p-gildi sem sýnir hvort fylgnin við menntun sé marktæk.

	Setning	gr.sk.	frh.sk.	hásk.	r	p
a	T3047 Honum <b>sýndust</b> vera jeppaslóðir í snjónum	59,3	64,4	<b>66,7</b>	-,047	,258
b	T3057 Henni <b>fundust</b> þær frekar leiðinlegar	38,1	42,8	<b>52,6</b>	-,079	,055
c	T3085 Þeim <b>hafa</b> alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar	<b>69,1</b>	58,4	53,8	,139	,001
d	T3100 Mér <b>sýnast</b> nemendurnir hafa rétt fyrir sér	47,2	<b>48,4</b>	39,7	,048	,242
e	T3016 Þeim <b>hefur</b> alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir	82,1	<b>85,0</b>	75,6	,054	,195
f	T3035 Henni <b>heyrðist</b> vera gangtruflanir í bílnum	<b>54,3</b>	49,1	51,3	,048	,251
g	T3069 Henni <b>fannst</b> þær mjög skemmtilegar	87,6	92,1	<b>97,4</b>	-,107	,010
h	T3112 Mér <b>sýnist</b> starfsmennirnir hafa staðið sig vel	80,7	81,7	<b>83,1</b>	,002	,963

Tafla 4.16. Fylgni flokkuð eftir menntun þátttakenda við setningarnar Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smákláusu.



Séu setningar **a**, **d** og **h** bornar saman kemur glögglega í ljós að samræmisleysi fær mun betri dóma en samræmi sagnarinnar við nefnifallsliðinn. Framhaldsskólamenntaðir og háskólamenntaðir eru svipaðir í mati sínu á setningu **a** en ekki munar nema örfáum prósentum á þeim og grunnskólagengnum. Hins vegar eru fæstir úr hópi háskólamenntaðra sem samþykkja setningu **d** og flestir úr þeirra hópi samþykkja samræmisleysissetningu **h** svo greinilegt er að fylgnin er mjög óregluleg.

Setning **b** hlýtur frekar slaka dóma, rétt eins og þegar flokkað var eftir aldri, en rúmlega 50% háskólamenntaðra samþykkja hana og færri úr hinum tveimur menntahópunum. Setning **g**, sem er með sömu sögn, hlýtur hins vegar mjög góða dóma háskólamenntaðra eða rúmlega 97%. Athyglisvert er að það eru grunnskólagengnir sem sjaldnast samþykkja hana.

Setning **c** hlýtur bestu móttökur grunnskólagenginna og háskólamenntaðir samþykkja hana sjaldnast. Setning **e** sem er án samræmis við nefnifallsliðinn fær viðlíka dóma hjá grunnskóla- og framhaldsskólagengnum en fæstir úr hópi háskólamenntaðra samþykkir hana. Enn og aftur kemur mikil óregla í ljós þar sem hóparnir skiptast á að samþykkja ýmist samræmi eða samræmisleysi. Setning **f** er metin á svipaðan hátt hjá öllum menntahópunum, um helmingur þátttakenda samþykkir hana.

Tafla 4.16. leiðir í ljós að samræmislausu setningarnar eru vinsælli kostur en þær sem hafa samræmi. Hópur háskólamenntaðra samþykkir oftast setningar **a** og **b** en þó nær fylgnin ekki að mælast marktæk og þeir eru í minnihluta þeirra sem samþykkja setningar **c** og **d**. Greinilegt er á þessari töflu að samræmi sagnarinnar við nefnifallsliðinn hefur ekki reglulega fylgni við menntun.

Reyndar er eingöngu marktæk fylgni við setningu **g** svo heildarútkoman úr þessari töflu er sú að engan mun er að sjá á milli menntahópanna. Sem dæmi um jákvæðari viðtökur á samræmisleysi en samræmi má nefna að 88-97% völdu setninguna *Henni fannst þær mjög skemmtilegar* en aðeins 38-53% samþykktu setninguna *Henni fundust þær frekar leiðinlegar*. Hér er því um gríðarlega mikinn mun að ræða.

Óreglulegri getur fylgnin vart verið og eins og við mátti búast vegna útkomunnar í töflu 4.16. Þá er ekki marktæk fylgni í meðaleinkunnum setninganna sem birtast hér að neðan í töflu 4.17.

Meðaleinkunn eftir menntun	gr.sk.	frh.sk.	hásk.	r	p
Setningar T3047+T3057+T3085+T3100	1,7327	1,7689	1,7532	0,023	0,575
Setningar T3016+T3035+T3069+T3112	1,3464	1,3619	1,3636	0,019	0,654

Tafla 4.17. Meðaleinkunn þeirra sem samþykkja setningar í hópnum Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu. Flokkað eftir menntun þátttakenda.

Allar tölur töflu 4.17 eru svo að segja eins svo aukin menntun virðist ekki breyta mati fólks á því hvort samræma skuli sögn við nefnifallslið svo einhverju nemi.

#### 4.2.5 Tengsl við landshluta

Í töflu 4.18. má sjá prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar flokkað eftir landshlutum. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við landshlutana (merkt r fyrir Pearson's r) ásamt p-gildi sem sýnir hvort fylgnin við landshluta sé marktæk. Landshlutarnir eru skilgreindir í töflunni á eftirfarandi hátt: Reykjavík (Rvk), Reykjanes (R.nes), Suðurland (S.land), Austurland (Au.land), Norðurland eystra (N.ey.), Norðurland vestra (N.ve.), Vestfirðir (V.firð.), Vesturland (V.land).

	Setning	Rvk	R.nes	S.land	Au.land	N.ey.	N.ve.	V.firð.	V.land	r	p
a	T3047 Honum sýndust vera jeppaslóðir í snjónum	60,6	65,4	60,0	<b>68,8</b>	62,9	66,7	61,0	45,2	0,003	0,427
b	T3057 Henni fundust þær frekar leiðinlegar	39,4	<b>57,7</b>	44,8	33,0	46,9	44,4	42,9	45,2	0,001	0,585
c	T3085 Þeim hafa alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar	67,7	69,2	64,5	60,2	54,4	<b>75,9</b>	71,8	58,1	0,001	0,188
d	T3100 Mér sýnast nemendurnir hafa rétt fyrir sér	49,5	38,5	<b>56,0</b>	45,0	49,4	44,4	48,1	46,8	0,002	0,457
e	T3016 Þeim hefur alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir	82,5	84,6	85,6	82,6	77,0	<b>88,7</b>	83,3	85,5	0,001	0,395
f	T3035 Henni heyrðist vera gangtruflanir í bílnum	42,3	40,0	53,6	52,3	55,9	50,9	65,4	<b>46,8</b>	0,005	0,183
g	T3069 Henni fannst þær mjög skemmtilegar	90,9	80,0	92,0	89,9	87,0	<b>85,2</b>	94,8	83,9	0,001	0,783
h	T3112 Mér sýnast starfsmennirnir hafa staðið sig vel	80,8	<b>96,2</b>	77,6	77,8	81,4	86,8	81,8	88,7	0,001	0,228

Tafla 4.18. Prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar, flokkað eftir landshlutum.

Hvergi mælist marktæk fylgni við landshlutana. Ef litið er til fyrstu samræmissetningarinnar (setning a) má sjá að hún er metin eins í öllum landshlutum þar sem um og yfir 60% telja hana góða og gilda utan Vesturlandið þar sem aðeins 45% þátttakenda eru sáttir við hana. Næsta setning, *Henni fundust þær frekar leiðinlegar*, sem hefði mátt búast við að fengi svipaða dóma, hlýtur minni náð fyrir augum þátttakenda og þar eru þátttakendur af Reykjanesi mun jákvæðari en aðrir sem skýtur skökku við útkomu setninganna í hópi *Samræmi sagnar og nefnifallsandlags*. Einnig er mat Austfirðinga á þessum tveimur fyrstu setningum undrunarefni því þeir eru hlynntastir fyrstu setningunni þar sem tæplega 70% samþykkja hana en aðeins rúmlega 30% eru jákvæðir gagnvart annarri setningunni en báðar setningarnar hafa samræmi sagnar við nefnifallsliðinn.

Samræmisleysissetningarnar fá mun betri dóma en þær með samræminu en milli 80 og rúmlega 90% þátttakenda samþykkja þær fyrir utan setninguna *Henni heyrðist vera gangtruflanir í bílnum* sem fær mun lakari dóma en eins og áður hefur komið fram gerðu einhverjir þátttakenda athugasemd við hana þess efnis að breyta sögninni úr *heyrðist* í *heyrðust*. Tafla 4.19 sýnir meðaleinkunn setninganna sem eru án samræmis á mati þátttakenda flokkaða eftir landshlutum.

Setningar: T3016+T3035+T3069+T3112	meðaleinkunn	r	p
Reykjavík	1,4010		
Reykjanes	1,3750		
Suðurland	1,3280		
Austurland	1,3681		
Norðurland eystra	1,3750		
Norðurland vestra	1,3480		
Vestfirðir	1,2928		
Vesturland	1,3387		
Meðaltal samtals	1,3549	-,046	,222

Tafla 4.19. Meðaleinkunn setninga án samræmis við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu. Flokkað eftir landshlutum.

Meðaleinkunnirnar eru allar undir 1,5 svo ekki verður annað sagt en samræmisleysið fái góða dóma. Lægsta einkunn gefa þátttakendur frá Vestfjörðum eða tæplega 1,3. Reykvíkingar samþykkja sjaldnast samræmisleysið samkvæmt þessari töflu. Ekki er um marktækan mun að ræða á milli landshluta. Tafla 4.20. sýnir meðaleinkunnir setninganna sem hafa samræmið við nefnifallsliðinn.

Setningar: T3047+T3057+T3085+T3100	meðaleinkunn	r	p
Reykjavík	1,7247		
Reykjanes	1,7212		
Suðurland	1,6956		
Austurland	1,7940		
Norðurland eystra	1,7564		
Norðurland vestra	1,7222		
Vestfirðir	1,7000		
Vesturland	1,8508		
Meðaltal samtals	1,7554	,037	,328

Tafla 4.20. Meðaleinkunn setninga með samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu. Flokkað eftir landshlutum.

Samræmið fær frekar slaka dóma samkvæmt töflu 4.20. Allar tölur hærri en í töflu 4.19 þar sem meðaleinkunn samræmislausu setninganna er. Vesturland er með meðaleinkunn upp á rúmlega 1,8 en lægsta talan tilheyrir Suðurlandi. Óverulegur munur er á milli landshluta og hann er ekki marktækur.

### 4.3 Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls

#### 4.3.1 Almennt yfirlit

Þessi hópur setninga er með nafnlið sem samanstendur af aðalorði í nefnifalli og eignarfallseinkunn og kannað er hvorum hlutanum algengara er að samræma sögnina. Tafla 4.21 sýnir hlutfall allra þátttakenda, í prósentum, sem samþykktu setningarnar af gerðinni *Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls*.

	Númer	Setning	tala ft.	Talar et.	báðir kostir	fjöldi
<b>a</b>	TK3.4	Helmingur neytenda <b>tala/talar</b> ekki íslensku.	25,2	<b>69,3</b>	4,8	709
			Býr et.	Búa ft.	báðir kostir	
<b>b</b>	TK3.7	Stór hluti íbúa <b>býr/búa</b> við mikla fátækt.	<b>76,5</b>	16,9	6,2	711
			Já	?	Nei	
<b>c</b>	T2047	Fjöldi nemenda <b>vöknudu</b> of seint morguninn eftir.	<b>64,9</b>	9,8	24,8	751
<b>d</b>	T2070	Meirihluti þingmanna <b>höfnudu</b> tillögum.	<b>74,8</b>	6,4	18,3	751
<b>e</b>	T2060	Fjöldi áhorfenda <b>fagnaði</b> markinu innilega.	<b>87,7</b>	7,0	4,6	750
<b>f</b>	T2080	Stór hluti starfsmanna <b>hafnaði</b> honum.	<b>89,9</b>	6,0	3,7	752

Tafla 4.21. Hlutfall þeirra sem samþykkir setningu innan hópsins *Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls*.

Þegar setningar **d** og **f** eru bornar saman (þær hafa sömu sögnina) má sjá að mun fleiri kjósa að samræma sögnina aðalorðinu, eða um 90%, fremur en eignarfallseinkunninni sem fær samþykki 75% þátttakenda.

Mikill meirihluti þátttakenda kys að samræma sögnina aðalorðinu (helmingur / stór hluti) sem er í eintölu, nefnifalli fremur eignarfallseinkunninni í setningum **a** og **b**. Hins vegar er allt annað uppi á teningnum í setningum **c** og **d** þar sem flestir samræma sögnina eignarfallseinkunninni. Setningar **e** og **f** sem hafa samræmi við aðalorðin fá fádæma góða dóma þar sem hátt í 90% þátttakenda samþykkja þær. Setning **e** sleppur nánast athugasemdalaust í gegnum könnunina og enginn leggur til að breyta sögninni í setningu **f** en nokkrir vilja bæta greini við *starfsmanna(nna)*.

#### 4.3.2 Tengsl við aldur

Tafla 4.22. sýnir hlutfall þátttakenda sem samþykkir setningarnar eftir aldri. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við aldur (merkt *r* fyrir Pearson's *r*) ásamt *p*-gildi sem sýnir hvort fylgnin við aldur sé marktæk.

	Númer	Setning	9b	20-25	40-45	65-70	r	p
<b>a</b>	TK3.4	Helmingur nemenda <b>tala</b> ekki íslensku	<b>40,8</b>	19,7	14,3	24,1		
		Helmingur nemenda <b>talar</b> ekki íslensku	56,2	74,7	<b>80,4</b>	70,4		
		Báðir kostir TK3.4 <b>tala + talar</b>	3,0	5,6	5,4	5,6		
<b>b</b>	TK3.7	Stór hluti íbúa <b>býr</b> við mikla fátækt	64,2	75,8	<b>87,5</b>	82,3		
		Stór hluti íbúa <b>búa</b> við mikla fátækt	<b>32,8</b>	11,2	6,5	14,6		
		Báðir kostir TK3.7 <b>býr + bú</b>	3,0	12,9	6,0	3,0		
<b>c</b>	T2047	Fjöldi nemenda <b>vöknudu</b> of seint morguninn eftir	<b>76,5</b>	70,4	52,8	59,7	0,199	0,000
<b>d</b>	T2070	Meirihluti þingmanna <b>höfnudu</b> tillögumni	80,1	<b>84,2</b>	63,7	71,7	0,161	0,000
<b>e</b>	T2060	Fjöldi áhorfenda <b>fagnaði</b> markinu innilega	76,8	92,6	<b>94,3</b>	89,4	-0,134	0,000
<b>f</b>	T2080	Stór hluti starfsmanna <b>hafnaði</b> honum	84,2	<b>93,1</b>	92,3	91,8	0,071	0,052

Tafla 4.22. Mat þátttakenda á samræmi sagnar og hlutaeignarfalls. Flokkað eftir aldri.

Fyrsta setningin, *Helmingur nemenda tala/talar ekki íslensku*, sýnir að töluverður munur er á mati yngsta hópsins og hinna þriggja. Grunnskólanemendurnir eru mun jákvæðari gagnvart því að laga sögnina að eignarfallseinkunni og að sama skapi eru færri í þeirra hópi sem samþykkir eintöluna en þó er það rúmlega helmingur sem svo gerir. Setningin *Stór hluti íbúa býr/búa við mikla fátækt* sýnir að sama skapi að yngsti

hópurinn samþykkir oftast fleirtölumynd sagnarinnar en sjaldnast eintöluna. Hér virðist því aldur skipta máli. Í það minnsta sker yngsti hópurinn sig úr.

Hópurinn 40-45 ára er hlynntastur samræminu samkvæmt þessum tölum. Sá hópur er líka hlynntastur setningu e sem sýnir samskonar val og þar er einnig marktæk en veik fylgni við aldur. Setningin *Stór hluti starfmannna hafnaði honum* er metin mjög svipað af aldurshópunum en þó eru fæstir þeirra sem samþykkja hana í yngsta hópnum. Fylgnin er afar veik og á mörkum þess að vera marktæk. Meðaleinkunn setninganna má sjá í töflu 4.23.

Meðaleinkunn eftir aldri	9b	20-25	40-45	65-70	r	p
Setningar T2047+T2070	1,3128	1,3842	1,7565	1,6234	0,210	0,000
Setningar T2060+T2080	1,2668	1,1040	1,0979	1,1297	0,138	0,000

Tafla 4.23. Meðaleinkunn setninganna innan Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls, flokkað eftir aldri.

Heildarútkomu setninganna má sjá í töflu 4.23. Hún sýnir að um þokkalega góða og marktæka fylgni er að ræða við aldur í báðum setningagerðunum. Hópurinn 40-45 ára er með hæstu meðaleinkunnina fyrir fyrri setningahópin sem bendir til þess að fleiri í þeim hópi hafna samræmisleysissetningunum og þeir eru hlynntastir síðari setningahópnum eða þeim sem hefur samræmið.

#### 4.3.3 Tengsl við kyn

Tafla 4.24. sýnir hlutfall þátttakenda sem samþykkir setningarnar flokkað eftir kyni þátttakenda. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við menntun (merkt r fyrir Pearson's r) ásamt p-gildi sem sýnir hvort fylgnin við kyn sé marktæk.

	Númer	Setning	kona	karl	r	p
<b>a</b>	TK3.4	Helmingur nemenda <b>tala</b> ekki íslensku	25,2	25,6		
		Helmingur nemenda <b>talar</b> ekki íslensku	69,5	70,0		
		Báðir kostir TK3.4 <b>tala + talar</b>	5,3	4,3		
<b>b</b>	TK3.7	Stór hluti íbúa <b>býr</b> við mikla fátækt	75,4	78,2		
		Stór hluti íbúa <b>búa</b> við mikla fátækt	16,9	17,2		
		Báðir kostir TK3.7 <b>býr + búa</b>	7,7	4,6		
<b>c</b>	T2047	Fjöldi nemenda <b>vöknuðu</b> of seint morguninn eftir	64,1	<b>66,5</b>	,009	,804
<b>d</b>	T2070	Meirihluti þingmanna <b>höfnaðu</b> tillöggunni	76,2	<b>74,2</b>	-,032	,375
<b>e</b>	T2060	Fjöldi áhorfenda <b>fagnaði</b> markinu innilega	<b>89,3</b>	87,2	-,039	,289
<b>f</b>	T2080	Stór hluti starfsmanna <b>hafnaði</b> honum	89,9	<b>90,7</b>	,001	,979

Tafla 4.24. Hlutfall sem samþykkir setningarnar í hópi Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls. Flokkað eftir kyni þátttakenda.

Eins og sjá má valdi lítill hluti þátttakenda báða kosti sem mögulega, annars vegar um 5% við setningu **a** og um 6% **b** í heildina og voru konur í örlitlum meirihluta.

Kynin eru mjög sammála þegar kemur að vali á þessum setningum. Sömu tölur svo að segja í öllum reitum og hvergi er um marktæka fylgni við annað hvort kynið að ræða. Heildarútkoma setningahópanna er svipuð eins og sjá má hér í töflu 4.25. Fylgnistuðlarnir eru ómarktækir í báðum tilfellum.

Meðaleinkunn eftir kyni	Kona	Karl	r	p
Setningar T2047+T2070	1,5000	1,5234	0,017	0,652
Setningar T2060+T2080	1,1410	1,1593	0,026	0,471

Tafla 4.25. Meðaleinkunn setninganna Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls. Mat flokkað eftir kyni þátttakenda.

Meðaleinkunnirnar í töflu 4.25. sýna glögglega hversu svipaða dóma kynin gefa setningunum en þær eru allar í kringum 1,5 (1 = já, 2 = ?, 3 = nei).

#### 4.3.4 Tengsl við menntun

Tafla 4.26 sýnir hlutfall þátttakenda sem samþykkir setningarnar eftir menntun. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við menntun (merkt r fyrir Pearson's r) ásamt p-gildi sem sýnir hvort fylgnin við menntun sé marktæk.

	Númer	Setning	gr.sk.	frh.sk	hásk.	r	p
a	TK3.4	Helmingur nemenda <b>tala</b> ekki íslensku	34,7	15,3	11,5		
		Helmingur nemenda <b>talar</b> ekki íslensku	60,5	79,1	85,9		
		Báðir kostir TK3.4 <b>tala + talar</b>	4,8	5,6	2,6		
b	TK3.7	Stór hluti íbúa <b>býr</b> við mikla fátækt	70,8	80,5	92,3		
		Stór hluti íbúa <b>búa</b> við mikla fátækt	24,7	9,8	3,8		
		Báðir kostir TK3.7 <b>býr + búá</b>	4,5	9,8	3,8		
c	T2047	Fjöldi nemenda <b>vöknuðu</b> of seint morguninn eftir	<b>72,1</b>	63,4	38,2	,269	,000
d	T2070	Meirihluti þingmanna <b>höfnuðu</b> tillöggunni	<b>77,7</b>	77,4	52,2	,177	,000
e	T2060	Fjöldi áhorfenda <b>fagnaði</b> markinu innilega	83,8	92,8	<b>95,6</b>	-,127	,001
f	T2080	Stór hluti starfsmanna <b>hafnaði</b> honum	87,9	91,9	<b>93,3</b>	,052	,189

Tafla 4.26. Hlutfall sem samþykkir setningarnar í hópnum Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls. Flokkað eftir menntun þátttakenda.

Setningin *Helmingur nemenda tala/talar ekki íslensku* sýnir ótvíræðan mun á mati flokkað eftir menntun. Munar yfir 20% á mati grunnskólagenginna annars vegar og háskólagenginna hins vegar á mati beggja tilbrigða en beggja kosta valið fær dræmar undirtektir. Einnig er 20% munur á mati á *býr/búa* milli þessara tveggja hópa og mat framhaldsskólagenginna er mitt á milli þeirra. Í báðum tilfellum eru háskólamenntaðir hlynntastir samræmi sagnar og aðalorðsins sem stendur í nefnifalli.

Setningin *Fjöldi nemenda vöknuðu of seint morguninn eftir* hlýtur góða dóma hjá grunnskólagengnum en rúmlega 70% þeirra samþykkja hana. Hún sýnir þokkalega og vel marktæka fylgni við menntun en aðeins 38% háskólagenginna telja hana tæka. Munurinn er aðeins minni við mat á setningu *Meirihluti þingmanna höfnuðu tillöggunni*. Þar er einnig marktæk fylgni við menntun og enn er það hópur grunnskólagenginna sem er hlynntastur því að laga sögnina að eignarfallseinkunninni en þó eru engu að síður rúmlega 50% úr hópi háskólagenginna sátta við hana sem verður að teljast nokkuð stór hópur.

Setningar e og f eru með samræmi sagnar og aðalorðsins (nefnifallinu). Aðeins er marktæk fylgni við aðra þeirra eða *Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega*. Munurinn er tæplega 12% á grunnskólagengnum og háskólagengnum sem er sá hópur sem helst samþykkir setninguna. Eins og tafla 4.26 gefur til kynna er marktæk fylgni við menntun og er hún mest við setningarnar *Fjöldi nemenda vöknuðu of seint morguninn eftir* og *Meirihluti þingmanna höfnuðu tillöggunni*. Tafla 4.27 sýnir ótvírætt fylgnina við menntun.



Meðaleinkunn eftir menntun	gr.sk.	frh.sk.	hásk.	r	p
Setningar T2047+T2070	1,3991	1,5193	2,0281	,262	,000
Setningar T2060+T2080	1,1881	1,1132	1,0833	-,127	,002

Tafla 4.27. Meðaleinkunn setninganna í hópnum Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls. Mat flokkað eftir menntun þátttakenda.

Hér í töflu 4.27 má sjá að allir menntahóparnir eru jákvæðari gagnvart samræmi sagnarinnar við aðalorðið og er mestan mun að sjá á meðaleinkunnum háskólagenginna. Þeir gefa samræmisetningunum 1.0833 í meðaleinkunn en tölugildið einn merkir að setning sé samþykkt en samræmislausu setningarnar fá 2.0281 (3 merkir *nei*, *setning ótæk*). Þetta er þvert á niðurstöðurnar í töflum 4.14 og 4.15 þar sem kom í ljós að samræmislausu setningarnar, innan setningahópsins *Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum*, voru þátttakendum frekar að skapi.

#### 4.3.5 Tengsl við landshluta

Í töflu 4.28 má sjá prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar eftir landshlutum. Einnig sýnir taflan stuðul sem merkir fylgni við landshlutana (merkt r fyrir Pearson's r) ásamt p-gildi sem sýnir hvort fylgnin við landshluta sé marktæk. Landshlutarnir eru skilgreindir í töflunni á eftirfarandi hátt: Reykjavík (Rvk), Reykjanes (R.nes), Suðurland (S.land), Austurland (Au.land), Norðurland Eystra (N.ey.), Norðurland Vestra (N.ve.), Vestfirðir (V.firð.), Vesturland (V.land).

		Setning	Rvk	R.nes	S.land	Au.land	N.ey	N.ve.	V.firð.	V.land	r	p
a	TK3.4 tala	Helmingur nemenda <b>tala</b> ekki íslensku.	19,4	<b>50,0</b>	24,0	25,7	22,6	30,2	28,2	25,4		
	TK3.4 talar	Helmingur nemenda <b>talar</b> ekki íslensku.	<b>80,6</b>	46,2	68,0	68,8	73,0	62,3	65,4	72,1		
	TK3.4 Báðir kostir	Helmingur nemenda <b>tala/talar</b> ekki íslensku.	0,0	3,8	<b>8,0</b>	5,5	4,4	<b>7,5</b>	6,4	1,6		
b	TK3.7 býr	Stór hluti íbúa <b>býr</b> við mikla fátækt.	78,6	69,2	76,0	75,2	76,7	<b>83,3</b>	78,2	74,2		
	TK3.7 búa	Stór hluti íbúa <b>búa</b> við mikla fátækt.	17,3	<b>26,9</b>	17,6	14,7	17,0	9,3	19,2	19,4		
	TK3.7 Báðir kostir	Stór hluti íbúa <b>býr/búa</b> við mikla fátækt.	4,1	3,8	6,4	<b>10,1</b>	6,3	7,4	2,6	6,5		
c	T2047	Fjöldi nemenda <b>vöknuðu</b> of seint morguninn eftir.	59,0	70,0	<b>74,0</b>	64,1	54,1	74,4	71,4	63,4	,000	,697
d	T2060	Fjöldi áhorfenda <b>fagnaði</b> markinu innilega.	89,4	84,0	<b>90,6</b>	89,2	85,9	90,2	82,5	90,3	,000	,844
e	T2070	Meirihluti þingmanna <b>höfnuðu</b> tillögunni.	68,6	80,0	<b>82,2</b>	78,4	68,7	77,8	80,7	71,0	,000	,828
f	T2080	Stór hluti starfsmanna <b>hafnaði</b> honum.	90,4	90,0	91,5	93,2	91,1	<b>89,0</b>	96,4	81,7	,002	,209

Tafla 4.28. Prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar í hópnum Samræmi sagnar við hlutaeignarfall. Flokkað eftir landshlutum.

Reykjanesið sker sig úr er varðar samþykktir á setningunni *Helmingur nemenda tala ekki íslensku* þar sem slétt 50% þátttakenda eru sáttir við hana og að sama skapi eru fæstir á Reykjanesinu sem dæma samræmið við aðalorðið (nefnifallið) gott. Aðrir landshlutar eru nokkuð svipaðir í mati sínu á henni og liggur hlutfallið frá 19% í Reykjavík, upp í 30% á Norðurlandi Vestra. Afar lítill hópur telur mögulegt að nota báða kostina og á það líka við um setninguna *Stór hluti íbúa býr/búa við mikla fátækt*. Í báðum tilfellum metur mikill meirihluti þátttakenda setningarnar sem svo að sögnina skuli samræma aðalorðinu sem er í nefnifalli fremur en eignarfallseinkunninni og munur milli landshluta er lítill.

Samræmi við nefnifallið fær einnig betri dóma þátttakenda í fjórum síðustu setningunum. Setningin *Fjöldi nemenda vöknuðu of seint morguninn eftir* er samþykkt af þokkalega stórum hópi en þó eru mun fleiri sem samþykkja samræmisetninguna *Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega* eða frá 82,5 til 90,6. Þegar setningarnar *Meirihluti þingmanna höfnuðu tillögunni* og *Stór hluti starfsmanna hafnaði honum* eru bornar saman sést að undantekningarlaust fær samræmisetningin mun betri dóma.

Samræmi fær því í heild mun meira samþykki en samræmisleysi, í þessum setningaflokki, þegar horft er til landshlutanna. Munurinn er lítill sem enginn á milli þeirra og hvergi er mælanleg fylgni. Í töflu 4.29 er meðaleinkunn tveggja samræmislausra setninga út frá mati flokkað eftir landshlutum.

Setningar: T2047+T2070	meðaleinkunn	r	p
Reykjavík	1,6429		
Reykjanes	1,4400		
Suðurland	1,3690		
Austurland	1,5098		
Norðurland eystra	1,6418		
Norðurland vestra	1,4321		
Vestfirðir	1,3750		
Vesturland	1,5591		
Meðaltal samtals	1,5114	,000	,692

Tafla 4.29. Meðaleinkunn samræmislausra setninga í flokki Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls. Mat flokkað eftir landshlutum.

Samræmislausu setningarnar fá þokkalega lága meðaleinkunn. Þátttakendur frá Vestfjörðum fá lægstu einkunnina sem merkir að í heild samþykkja þeir oftast

setningarnar. Reykvíkingar eru hins vegar með hæstu einkunnina. Tafla 4.30. hér að neðan sýnir meðaleinkunn sem samræmisetningarnar fengu.

Setningar: T2060+2080	meðaleinkunn	r	p
Reykjavík	1,1359		
Reykjanes	1,2200		
Suðurland	1,1389		
Austurland	1,1176		
Norðurland eystra	1,1481		
Norðurland vestra	1,1280		
Vestfirðir	1,1607		
Vesturland	1,1935		
Meðaltal samtals	1,1499	,001	,535

Tafla 4.30. Meðaleinkunn samræmisetninga í flokki Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls. Mat flokkað eftir landshlutum.

Samkvæmt töflu 4.30. eru þátttakendur almennt mjög samþykkir samræminu. Einkunnirnar eru allar mjög lágar (já = 1, ? = 2, nei = 3). Austurland er með lægstu meðaleinkunnina (1,1176) og Reykjanes með hæstu (1,2200) og er það eini landshlutinn sem fær einkunn yfir 1,2. Heildarniðurstaðan er sú að samræmið hefur vinninginn umfram samræmisleysið í þessum setningahópi, landshlutarnir eru mjög sammála og ekki er um marktækan mun að ræða.

#### 4.4 Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning

##### 4.4.1 Almenn yfirlit

Setningarnar í þessum síðasta hópi eru ólíkar hinum þremur að því leyti að hér er ekki um að ræða einhvers konar samræmi við nefnifall, heldur mat á því hvort sögn skuli standa í eintölu eða fleirtölu. Tafla 4.31. sýnir hlutfall allra þátttakenda, í prósentum, sem samþykkir setningarnar af gerðinni *Samræmismörk: hljómsveitir, lið og samlagning*.

	Númer	Setning	et.	ft.	báðir kostir	fjöldi
<b>a</b>	TK3	Hann veit að tveir plús tveir <b>er/eru</b> fjórir.	2,5	<b>94,4</b>	2,3	766
<b>b</b>	TK15	Í Svörtum fötum <b>spilaði/spiluðu</b> til klukkan þrjú.	35,0	<b>54,3</b>	10,1	767
<b>c</b>	PK3.4	<b>FH var búið/voru búnir</b> að hafa forystu allt sumarið.	<b>34,5</b>	56,9	5,5	711

Tafla 4.31. Hlutfall þátttakenda sem samþykkir tilbrigði setninga í hópnun *Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning*.

Fleirtalan fær meiri fylgni en eintalan í öllum tilfellum. Sérstaklega varðandi setningu **a** en þátttakendur eru mjög sammála í mati sínu á henni. Tilbrigði setningarinnar *Í Svörtum fötum spilaði/spiluðu til klukkan þrjú* eru metin þannig að fleirtalan fær um 20% fleiri samþykktir en eintalan. 10% þátttakenda meta sem svo að báðir kostirnir komi til greina og hefði jafnvel mátt búast við að það gerði stærri hópur.

Meirihluti þátttakenda kys að láta sögnina vera í fleirtölu karlkyni með íþróttafélaginu fremur en að nota málfræðilegt kyn og tölu þess en sá kostur er næstvænlegastur. Tveggja kosta valið, eintala og fleirtala, var samþykkt af 5,5%. Að auki var valkosturinn *var búnir* í boði en einungis 0,6% þátttakenda samþykkti hann. Fimmti kosturinn var tveggja kosta valið *voru búnir / var búnir* en sá kostur hlaut samþykki 2,7% þátttakenda.

Nokkuð var um athugasemdir þátttakenda. Flestar þeirra voru ábendingar þátttakenda sem samþykktu tilbrigðið *FH var búið að hafa forystu allt sumarið* og bentu þeir þá að FH væri félag, hvorugkynsorð eða það liðið og einnig að það væri eintöluorð. Einhverjir samþykktu þetta afbrigði en sögðu í athugasemdum að einnig myndi ganga að segja *voru búnir* en þá þyrfti að segja **FH-ingar**.

#### 4.4.2 Tengsl við aldur

Tafla 4.32 sýnir prósentuhlutfall þátttakenda sem samþykkir setningarnar flokkað eftir aldri.

	Númer	Setning	9b	20-25	40-45	65-70
<b>a</b>	TK3	Hann veit að tveir plús tveir er fjórir.	5,9	2,5	0,5	0,6
	TK3	Hann veit að tveir plús tveir eru fjórir.	92,1	94,4	97,4	97,1
	TK3	Báðir kostir er/eru, TK3.	2,0	3,0	2,1	2,3
<b>b</b>	TK15	Í svörtum fötum spilaði til klukkan þrjú.	40,4	32,7	38,5	28,4
	TK15	Í svörtum fötum spiluðu til klukkan þrjú.	53,7	52,0	50,5	63,1
	TK15	Báðir kostir spilaði/spiluðu, TK15.	5,9	15,3	10,9	8,5
<b>c</b>	ÞK3.4	FH var búið að hafa forystu allt sumarið.	20,1	34,1	44,0	43,0
	ÞK3.4	FH voru búnir að hafa forystu allt sumarið.	75,4	53,6	45,2	50,9
	ÞK3.4	FH var búið/voru búnir að hafa forystu allt sumarið.	1,0	0,0	0,0	1,2
	ÞK3.4	FH var búið/voru búnir að hafa forystu allt sumarið.	2,0	8,4	7,7	2,4
	ÞK3.4	FH voru búnir/var búnir að hafa forystu allt sumarið.	1,5	3,9	3,0	2,4

Tafla 4.32. Hlutfall þátttakenda sem samþykkir tilbrigði setninga í hópnum Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning. Mat flokkað eftir aldri.

Samkvæmt töflu 4.32 virðist aldur ekki skipta sköpum er kemur að mati þátttakenda og engar reglulegar línur að sjá. Fleirtalan fær í öllum tilfellum fleiri samþykktir. Yngsti

hópurinn samþykkir eintöluna oftast í setningum **a** og **b** en sjaldnast í setningu **c**. Yfirgnæfandi meirihluti kýs fleirtöluna í setningu **a**. Hvað varðar setningu **b** þá eru ívið fleiri sem kjósa að nota fleirtöluna með *Í svörtum fötum* en eintöluna. Flestar prósentutölur eru keimlíkar þó á stöku stað megi sjá mun. Beggja kosta valið hlýtur ekki góða dóma því aðeins um 6-15% þátttakenda samþykkja það.

Munurinn á mati *FH var búið að hafa forystu allt sumarið* er töluverður á milli aldurshópanna. Næst elsti aldurshópurinn kýs helst það tilbrigði eða 44,0% þeirra en aðeins 20% yngstu þátttakenda meta eintöluna sem besta kostinn. Þeir eru hins vegar hrifnasti af fleirtölunni, *FH voru búnir að hafa forystu allt sumarið*, því yfir 75% þeirra velja þann kost en þeir sem síst samþykkja fleirtöluna eru þátttakendur í 40-45 ára hópnum eða 45,2%. Kosturinn *var búnir* fékk ekkert fylgi þátttakenda. Tveggja kosta valmöguleikinn *voru búnir / var búnir* fengu mest 3,9% samþykktir og það var aldurshópurinn 20-25 ára sem svo gerði. Yngsti hópurinn samþykkti þann kost sjaldnast.

#### 4.4.3 Tengsl við kyn

Tafla 4.33 sýnir prósentuhlutfall þátttakenda sem samþykkir setningarnar flokkað eftir kyni.

	Númer	Setning	kona	karl
<b>a</b>	TK3	Hann veit að tveir plús tveir er fjórir.	1,9	3,0
	TK3	Hann veit að tveir plús tveir eru fjórir.	96,0	94,4
	TK3	Báðir kostir er/eru, TK3.	2,2	2,5
<b>b</b>	TK15	Í svörtum fötum spilaði til klukkan þrjú.	36,1	34,4
	TK15	Í svörtum fötum spiluðu til klukkan þrjú.	55,9	53,4
	TK15	Báðir kostir spilaði/spiluðu, TK15.	8,0	12,2
<b>c</b>	ÞK3.4	FH var búið að hafa forystu allt sumarið.	28,4	40,9
	ÞK3.4	FH voru búnir að hafa forystu allt sumarið.	64,2	49,9
	ÞK3.4	FH var búnir að hafa forystu allt sumarið.	0,6	0,6
	ÞK3.4	FH var búið/voru búnir að hafa forystu allt sumarið.	4,4	5,8
	ÞK3.4	FH voru búnir/var búnir að hafa forystu allt sumarið.	2,5	2,9

Tafla 4.33. Hlutfall þátttakenda sem samþykkir tilbrigði setninga í hópnum Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning. Mat flokkað eftir kyni.

Kynin eru mjög samtaka í matinu á því hvort sögnin skuli standa í eintölu eða fleirtölu og lítinn sem engan mun að sjá matinu fyrir setningu **a** en nánast allir þátttakendur kjósa að nota fleirtöluna sbr. *Hann veit að tveir plús tveir eru fjórir*. Í setningu **b** fær fleirtalan aðeins meira fylgi eða rúmlega 50% hjá konum og körlum. Eintalan lýtur í minni pokann en um 35% samþykkja hana.

Konurnar kjósa fremur að nota karlkyn með íþróttafélaginu FH eða í 64% tilfella en karlarnir eru að sama skapi hlyntari hvorugkyninu (40,9%). Aðrir kostir fá litla sem enga fylgni.

#### 4.4.4 Tengsl við menntun

Tafla 4.34 sýnir prósentuhlutfall þátttakenda sem samþykkir setningarnar flokkað eftir menntun.

	Númer	Setning	gr.sk.	frh.sk	hásk.
<b>a</b>	TK3	Hann veit að tveir plús tveir er fjórir.	3,7	1,4	1,3
	TK3	Hann veit að tveir plús tveir eru fjórir.	94,5	95,9	94,7
	TK3	Báðir kostir er/eru, TK3.	1,8	2,8	3,9
<b>b</b>	TK15	Í svörtum fötum <b>spilaði</b> til klukkan þrjú.	32,1	35,5	52,6
	TK15	Í svörtum fötum <b>spiluðu</b> til klukkan þrjú.	60,1	50,7	39,5
	TK15	Báðir kostir <b>spilaði/spiluðu</b> , TK15.	7,8	13,8	7,9
<b>c</b>	ÞK3.4	FH <b>var búíð</b> að hafa forystu allt sumarið.	26,0	45,4	52,6
	ÞK3.4	FH <b>voru búnir</b> að hafa forystu allt sumarið.	67,5	44,9	33,3
	ÞK3.4	FH <b>var búnir</b> að hafa forystu allt sumarið.	1,0	0,0	0,0
	ÞK3.4	FH <b>var búíð/voru búnir</b> að hafa forystu allt sumarið.	2,8	7,9	10,3
	ÞK3.4	FH <b>voru búnir/var búnir</b> að hafa forystu allt sumarið.	2,8	1,9	3,8

Tafla 4.34. Hlutfall þátttakenda sem samþykkir tilbrigði setninga í hópnun Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning. Mat flokkað eftir menntun.

Eintalan í setningu **a** er nánast útilokuð sem kostur og flestir á því að fleirtalan eigi betur við eða í um 95% tilfella. Prósentutölurnar eru áþekkar þeim sem birtust eftir aldri. Háskólagengnir velja helst eintöluna í setningu **b**, *Í svörtum fötum spilaði til klukkan þrjú* en grunnskólagengnir meta kostinn *Í svörtum fötum spiluðu til klukkan þrjú* bestan og munurinn er töluverður í báðum tilfellum eða um 20%. Framhaldskólagengnir eru hlyntastir valinu á báðum kostum og hefði jafnvel mátt búast við jákvæðara viðhorfi gagnvart þeim kosti almennt þar sem ýmist hljómsveitin sem eintöluorð stýrir sögninni eða hljómsveitin sem vísun í hóp manna.

Setning **c** fellur hópunum misvel. Þar má sjá mikinn mun milli grunnskóla- og háskólagenginna en helmingi fleiri úr háskólahópnum velja að halda málfræðilegri tölu og kyni íþróttafélagsins. Sami munur kemur fram í matinu á *voru búnir* þar sem hátt í 70% grunnskólagenginna velja þann kost en aðeins 33% háskólamenntaðra. Þá eru 10% háskólagenginna sáttir við tveggja kosta valið *var búíð* og *voru búnir*. Þeir eru einnig viljugastir til að samþykkja kostinn *voru búnir* og *var búnir* og þó ekki muni nema einu prósentu á þeim og grunnskólagengnum kemur það engu að síður á óvart.

#### 4.4.5 Tengsl við landshluta

Í töflu 4.35 má sjá prósentuhlutfall þeirra sem samþykkir setningarnar flokkað eftir landshlutum. Landshlutarnir eru skilgreindir í töflunni á eftirfarandi hátt: Reykjavík (Rvk), Reykjanes (R.nes), Suðurland (S.land), Austurland (Au.land), Norðurland Eystra (N.ey.), Norðurland Vestra (N.ve.), Vestfirðir (V.firð.), Vesturland (V.land).

		Setning	Rvk	R.nes	S.land	Au.land	N.ey.	N.ve.	V.firð.	V.land
<b>a</b>	TK3	Hann veit að tveir plús tveir er fjórir.	0,9	1,9	<b>8,1</b>	1,9	0,0	4,8	1,7	0,9
	TK3	Hann veit að tveir plús tveir <b>eru</b> fjórir.	96,4	94,3	91,0	94,2	<b>99,2</b>	94,0	91,4	97,3
	TK3	Hann veit að tveir plús tveir <b>er/eru</b> fjórir.	2,7	3,8	0,9	3,8	0,8	1,2	<b>6,9</b>	1,8
<b>b</b>	TK15	Í svörtum fötum <b>spilaði</b> til klukkan þrjú.	38,2	27,8	30,0	34,3	<b>39,8</b>	<b>39,8</b>	30,5	35,4
	TK15	Í svörtum fötum <b>spiluðu</b> til klukkan þrjú.	50,9	<b>63,0</b>	60,9	53,3	49,6	54,2	50,8	<b>57,5</b>
	TK15	Í svörtum fötum <b>spilaði/spiluðu</b> til klukkan þrjú.	10,9	9,3	9,1	12,4	10,5	6,0	<b>18,6</b>	7,1
<b>c</b>	ÞK3.4	FH <b>var búið</b> að hafa forystu allt sumarið.	31,6	23,1	29,8	34,9	38,8	31,5	<b>46,2</b>	30,6
	ÞK3.4	FH <b>voru búnir</b> að hafa forystu allt sumarið.	61,2	<b>73,1</b>	60,5	54,1	55,0	50,0	50,0	62,9
	ÞK3.4	FH <b>var búnir</b> að hafa forystu allt sumarið.	1,0	0,0	0,8	0,0	0,0	<b>1,9</b>	1,3	0,0
	ÞK3.4	FH <b>var búið /voru búnir</b> að hafa forystu allt sumarið.	6,1	3,8	8,9	<b>7,3</b>	5,0	1,9	1,3	0,0
	ÞK3.4	FH <b>voru búnir/var búnir</b> að hafa forystu allt sumarið.	0,0	0,0	0,0	3,7	1,3	<b>14,8</b>	1,3	6,5

Tafla 4.35. Prósentuhlutfall þeirra sem samþykka tilbrigði setninga í hópnun Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning. Mat flokkað eftir landshlutum.

Engan mun er að sjá á milli landshluta. Á einstaka mati munar um 10-15% á milli staða en í heildina er mat þátttakenda eftir landshlutum mjög svipað og greinilegt að það er eitthvað annað en búseta sem hefur áhrif á mat þátttakenda.

Í ljós kemur að í heild virðist vera erfitt að tengja ákveðna þætti eins og aldur, kyn, menntun eða búsetu við mismunandi tilbrigði þess samræmis sem var athugað í könnuninni. Á stöku stað er mismunandi mat ýmist eftir aldri eða menntun. Aðrir þættir sem voru notaðir við könnunina virðast hafa minna vægi. Nánari grein er gerð fyrir niðurstöðum í næsta kafla.

## 5 Samantekt niðurstaðna

### 5.1 Almenn yfirlit

Varðandi setningarnar í hópnum *Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum* leiðir könnunin í ljós að aðeins um helmingur þátttakenda samþykkir samræmi við nefnifallsandlag í tveimur af þremur setningum en rúmlega 70% í þeirri þar sem andlagið kemur strax á eftir sögninni.

Svipaða sögu er að segja af hinum þremur setningunum, innan þessa flokks, sem hafa ekki þetta samræmi. Tvær þeirra hljóta nokkuð góða dóma og í heildina kemur í ljós að þessar setningar eru frekar að skapi þátttakenda en þær sem hafa tölusamræmi sagnar og nefnifallsandlags.

Í hópnum *Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu* eru þátttakendur á svipuðum nótum en þó eru fleiri sem kjósa samræmislausu setningarnar. Greinilegt er að stór hluti þátttakenda Tilbrigðaverkefnisins kýs ýmist samræmisleysi eða velur kostinn? en svo gerðu um 15-20% sem verður að teljast töluvert stór hluti. Í heild á samræmisleysi því frekar uppi á pallborði en samræmi við nefnifallsandlag.

Útkoman setningahópsins *Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls* er einna reglulegust. Nokkuð bein lína liggur í gegnum aldurshópinn 40-45 ára sem sáttastir eru við samræmið. Þrátt fyrir það er athyglisvert að bera tvær mjög svipaðar setningar saman. Það er setning T2070, *Meirihluti þingmanna höfnuðu tillögunni*, því 74,8% þátttakenda samþykkja hana og 18,3% neituðu henni. Hin setningin er T2080: *Stór hluti starfsmanna hafnaði honum* en 89,9% samþykkja hana og 3,7% neita henni. Þetta bendir til þess að hluti þátttakenda samþykkir báðar þessar setningar, er sem sagt sáttur við samræmi en einnig samræmisleysi. Setningarnar eru mjög líkar. Þær innihalda sömu sögnina og báðar innihalda nafnorðin *hluti* og *manna* en sögnin samræmist andlaginu í annarri en ekki hinni. Því hlýtur að vakna sú spurning hvort hér hefði val á milli tveggja kosta getað breytt matinu.

Síðasti setningahópurinn, *Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning*, sýnir mun á milli hópa. Hærri aldur og meiri menntun þátttakenda sýnir jákvæðara viðhorf gagnvart samræmi sagnar og kyns og tölu frumlagsins. Þó er undantekning þar á.



## 5.2 Aldur

Munur er á mati aldurshópanna að nokkru leyti. Samt er vart hægt að segja að hér sé um skýrar línur eða reglubundinn mun að ræða. Reyndar er munurinn svo óreglulegur þegar mat þátttakenda á hópnum *Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum* er skoðað að það vekur undrun.

Þrír elstu aldurshóparnir skiptast á að eiga vinninginn hvað varðar samþykktir samræmissetninga og einungis yngsti hópurinn sker sig úr að einhverju marki. Mat setninganna sem hafa **ekki** samræmi á milli sagnar og andlags, sýnir einnig dálítið einkennilega dreifingu því í yngsta aldurshópnum (9.bekkur) eru fæstir sem samþykkja tvær setninganna en þriðja setningin fékk minnsta fylgni hjá elsta hópnum (65-70 ára). Dreifingin er sem sagt mjög óregluleg og vægast sagt undarleg samanborin við samræmissetningarnar.

Flokkur setninganna *Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smákláusu* kemur mjög svipaður út úr mati þátttakenda. Þar hreinlega skiptast aldurshóparnir á að sýna hæstu tölurnar við samþykki. Fylgnin við aldur er mjög dræm og mælist veik og marktæk við einungis þrjár af átta setningum, þar af er aðeins ein sem er með samræmi við nefnifallið. Hóparnir eru nokkuð sammála um ágæti samræmislausu setninganna. Ekki verður séð að aldur tengist ákveðnum tilbrigðum setninga af þessari gerð.

Í hópnum *Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls* eru línur hvað skýrastar. Nokkuð bein lína liggur í gegnum aldurshópinn 40-45 ára. Þar eru flestir sem samþykkja þær setningar sem eru með samræmi og að sama skapi fæstir sem samþykkja þær sem eru **ekki** með samræmi. Hópar 20-25 ára og 65-70 ára eru nokkuð svipaðir í mati sínu. Marktæka fylgni mats á setningunum við aldur er að sjá hjá öllum setningunum að einni undanskilinni en sú er án samræmis og fékk hún mjög jákvæða dóma frá öllum hópnum fjórum eða yfir 90% samþykki frá þremur þeirra og tæplega 85% frá yngsta hópnum. Yngsti aldurshópurinn sker sig hvað mest frá hinum er varðar setningarnar í heild.

Mikill munur er á milli aldurshópanna á tilbrigðunum *FH var búið* og *FH voru búnir* eða um 25%. Yngsti hópurinn er jákvæðastur fyrir *FH voru búnir* og hafna að sama skapi oftast *FH var búið*. Þessu er öfugt farið við mat á setningunni um hljómsveitina því þá kýs yngsti hópurinn oftast að nota eintölumynd sagnarinnar en

minni munur er á milli hópa þar en í setningunni um íþróttafélagið. Aðrar tölur eru keimlíkar.

### 5.3 Kyn

Vart er um marktækan mun að ræða á milli kynjanna. Oft er sagt að kynin tali sitt tungumálið hvort en svo verður ekki séð með þessari könnun. Karlarnir eru þó örlítið gjarnari á að samþykkja setningarnar hvort sem um samræmi er að ræða eða ekki. Í hópnum *Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls* eru tölurnar svo gott sem eins. Flestar tölur eru einnig nánast eins í *Samræmismörk: Hjómsveitir, lið og samlagning* nema er varðar íþróttafélagið FH en um 15% fleiri konur en karlar kjósa að hafa sögnina í karlkyni fleirtölu.

### 5.4 Menntun

Framhaldsskólagengnir eru ívið jákvæðari gagnvart *samræmi sagnar við nefnifallsandlag* en háskólamenntaðir en munurinn er þó vart teljandi. Færri úr hópi grunnskólagenginna samþykkja samræmið og sú veika fylgni sem kemur fram við tvær setninganna mælist sjálfsagt vegna þeirra. Háskólamenntaðir hafna oftast setningunum þar sem **ekki** er um samræmið að ræða. Marktectin er til staðar en fylgnin er ákaflega veik.

Mat á setningunum *Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smákláusu* styrkir ekki þá hugmynd að aukin menntun leiði til jákvæðni gagnvart samræminu því mælanleg fylgni er við eina af fjórum setningum sem hafa samræmi og það eru grunnskólagengnir sem eru hlynntastir henni. Að sama skapi er athyglisvert að hópur háskólamenntaðra er jákvæðastur gagnvart einu setningunni sem mælist með marktæka fylgni þeirra sem eru **án** samræmis sagnarinnar við nefnifallið.

Þegar kemur að setningunum *Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls* er fylgnin öllu reglulegri. Þar eru háskólamenntaðir hlynntastir samræmi við aðalorðið fremur en hlutaeignarfallið í öllum tilfellum og hafna einnig oftast þeim setningum sem ekki hafa það.

Helmings munur er á milli grunnskóla- og háskólagenginna á mati *FH var búið* og *FH voru búnir* en háskólamenntaðir kjósa oftar að nota málfræðilegt kyn og tölu

framlagsins. 20% fleiri úr þeirra hópi kjósa einnig svo í setningunni um hljómsveitina og jafn stór hópur hafnar að hafa sögnina í fleirtölu.

## 5.5 Landshlutar

Hver og einn landshluti hefur sín sérkenni í málinu. Samræmistilbrigði eru ekki hluti sérkennanna, í það minnsta ekki þau atriði sem urðu fyrir valinu í þessa könnun. Afar lítinn mun er að sjá og hvergi marktækan. Þó prósentutölur sýni mun á mati milli einstakra staða er hvergi um skýrar línur að ræða. Sem dæmi má nefna matið á *Samræmi sagnar við nefnifallsandlag* en þar skiptast landshlutarnir á að vera jákvæðastir. Flestir á Suðurlandi samþykkja eina samræmisetningu, flestir á Vestfjörðum aðra og Vesturlandi þá þriðju.

Í setningahópnum *Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls* sker Reykjanesið sig þó töluvert úr því þar skiptast þátttakendur í tvo nokkuð jafna hópa við mat á setningunni *Helmingur nemenda tala/talar ekki íslensku*. Aðrir landshlutar meta þessa setningu nokkuð svipað. Á bilinu 20-30% velja kostinn *tala* og rúmlega 60-80% velja *talar*, þ.e. að samræma sögnina aðalorðinu. Að öðru leyti sýna tölur ekki afgerandi mat eftir landshlutum.

## 6 Lokaorð

Markmið þessarar ritgerðar var að kanna hvort greina mætti mismun á mati fólks á ýmis konar samræmi eftir aldri, kyni, menntun eða búsetu. Þrjár viðamiklar skriflegar yfirlitskannanir voru nýttar til verksins. Þær eru stórt og mikið safn upplýsinga og munu án efa nýtast til margvíslegra kannana um málvenjur Íslendinga og hugsanlega þróun málsins.

Ritgerðin hefst á stuttri kynningu á viðfangsefninu og fjallað er lítillega um málnotkun. Frumlag er skoðað sem og samræmi og umfjallanir fræðimanna og framkvæmdinni er lýst áður en sjálf rannsóknin hefst. Að lokum eru niðurstöður dregnar saman.

Í stuttu máli eru svörin við spurningunum fjórum sem settar voru fram í lok þriðja kafla á þessa leið:

Kynin eru nánast 100% sammála í öllum tilfellum. Þó eru karlarnir örlítið jákvæðari í sínum svörum hvort sem um er að ræða að samþykkja setningar **með** samræmi eða **án**. Kynin tala því sama mál hvað varðar málfræðilega hlið þess er snýr að samræmi.

Hærrí aldur virðist skipta einhverju máli og eldri aldurshóparnir tveir (40-45 og 65-70 ára) eru oftast jákvæðir í garð samræmis. Þó koma fyrir setningar þar sem reyndin er önnur.

Meiri menntun sýnir ekki meiri jákvæðni gagnvart samræmi að neinu marki og í raun er munurinn óverulegur á köflum. Hækkandi menntunarstig virðist því ekki hafa nein teljandi áhrif á matið. Einstaka setningar skera sig þó úr eins og kemur fram í kafla 5.4. Reyndin er engu að síður sú að hærri menntun (og hærri aldur) sýnir örlítið meiri jákvæðni í garð samræmis.

Skýrustu línuna má sjá í fylgni setninganna *Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls* við aldurshópana og menntunina. Bein lína er í gegnum hópana 40-45 ára og háskólamenntaða en báðir hóparnir eru jákvæðastir gagnvart öllum setningunum sem hafa samræmi en neikvæðastir gagnvart hinum. Menntun hefur aukist hér á landi síðustu árin og áratuginu sem endurspeglast í menntun hópanna. Þegar hópar þátttakenda Tilbrigðaverkefnisins eru skoðaðir kemur í ljós að í hópi 20-25 og 40-45 ára eru um þrefalt fleiri með háskólamenntun en í elsta hópnum og yngsti hópurinn hefur auðvitað ekki aldur til þess að vera langskólagenginn.

Óverulegur munur er oft og tíðum á mati framhaldsskólamenntaðra annars vegar og háskólamenntaðra hins vegar þannig að ekki er hægt að segja að háskólamenntaðir

skeri sig úr hvað varðar notkun á samræminu. Niðurstaðan er því sú að ekki sé reglulegur munur á milli menntahópa að neinu marki. Aldur virðist frekar skipta máli samanber þá staðreynd að í elsta hópnum, sem er jákvæðastur gagnvart samræmi, eru mun færri með háskólamenntun en í þeim yngri (að undanskildum þeim þátttakendum sem enn eru í grunnskóla) og þá má kannski leiða líkur að því að aukinn málþroski fylgi að einhverju leyti hækkandi aldri. Landshlutarnir eru í heild mjög sammála í mati sínu á samræmi. Tilbrigði þess eru því ekki landshlutabundin.

Aðrar rannsóknir liggja ekki fyrir og er óvarlegt að ætla að álíta sem svo að breytingar séu að verða á mati samræmis í íslensku. Þar sem svo lítill munur er á þeim grunnbreytum sem skoðaðar voru í þessari rannsókn má einnig velta upp þeirri spurningu hvað það er sem hefur áhrif á mat málnotandans. Geta hugsanlega aðrar breytur leitt til skýrari niðurstaðna? Til dæmis gæti verið áhugavert að rannsaka sömu þætti út frá fjölskyldum og athuga hvort fjölskyldumeðlimir sem tilheyra mismunandi kynslóðum séu samsvarandi í mati sínu. Ef svo er má kannski áætla sem svo að grunnur málnotkunar fylgi einstaklingnum oftast en ekki út lífið.

## Heimildaskrá

- Andrews, Avery. 1976. The VP-Complement Analysis in Modern Icelandic. NELS 6:1-21. [Endurpr. 1990 í Joan Maling & Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*. Syntax and Semantics 24, bls. 165-185. Academic Press, San Diego.]
- Andrews, Avery. 1990. Case Structures and Control in Modern Icelandic. Joan Maling & Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*. Syntax and Semantics 24, bls. 187-234. Academic Press, San Diego.
- Baldur Ragnarsson. 2000. *Setningafræði handa framhaldsskólum*. Iðnú, Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1943. *Íslensk setningafræði handa skólum og útvarpi*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1996. Frumlag og fall að fornu. *Íslenskt mál* 18:37-69.
- Gísli Pálsson. 1979. Vont mál og vond málfræði. *Skírnir* 153:175-201.
- Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir. 2011a. Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum. Rannsóknir og rannsóknaraðferðir. Óprentað námskeiðsverkefni við Háskóla Íslands.
- Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir. 2011b. Tilbrigði í samræmisetningum. Rannsóknir og rannsóknaraðferðir. Óprentað lokaverkefni námskeiðs við Háskóla Íslands.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In a Comparative GB Framework. Doktorsritgerð, Lund Universitet, Lundí.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1991. Quirky Subjects. Óprentað handrit, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1992. Um beygingarsamræmi og málkunnáttu. *Íslenskt mál* 14:63-87.
- Herdís Þ. Sigurðardóttir. 2002. Fallmörkun í barnamáli: Hvernig læra íslensk börn að nota föll? M.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1999. *Íslensk setningafræði*, 6. útgáfa. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga 3. Almenna bókafélagið Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2009. Um hvað snýst málið? Um málfræði Chomskys, málkunnáttu og tilbrigði. *Ritið* 2:7-31.
- Höskuldur Þráinsson (ritstj.). 2011. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. Háskólaútgáfan, Reykjavík (óútgefið).
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1996. *Clausal Architecture and Case in Icelandic*. Doktorsritgerð, University of Massachusetts, Amherst.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson. 2003. Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál* 25:7-40.
- Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). 2011. *Handbók um íslensku*. Hagnýtur leiðarvísir um íslenskt mál, málnotkun, stafsetningu og ritun. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Ragnheiður Björgvinsdóttir. 2003. Frumlagsfall í máli barna. BA.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ragnheiður Briem. 1998. *Hefðbundin setningafræði handa framhaldsskólum*. Mál og menning, Reykjavík.
- Zaenen, Annie, Joan Maling og Höskuldur Thráinsson. 1985. Case and Grammatical Functions: The Icelandic Passive. *Natural Language and Linguistic Theory* 3:441-482.

## Viðauki

Setningarnar sem eru hér í viðauka og voru athugunarefni ritgerðarinnar eru hluti af viðamiklu verkefni sem kallast *Tilbrigði í setningagerð*. Höskuldur Þráinsson stýrir verkefninu og var aðalumsækjandi rannsóknastyrks vegna þess. Með honum í verkefnisstjórn voru Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Meginmarkmið Tilbrigðaverkefnisins eru eftirfarandi (Höskuldur Þráinsson: 2011: 4-6):

- a) Að kortleggja tilbrigði í íslenskri setningagerð og lýsa þeim.
- b) Að nýta niðurstöðurnar til þess að varpa nýju ljósi á stöðu og þróun íslensks máls.
- c) Að gera fræðilega grein fyrir tilbrigðunum og skýra þau.
- d) Að nýta þennan efnivið til þess að átta sig betur á því hvernig ólík tilbrigði af tilteknu atriði í setningagerð geta „búið saman“ á tilteknum tíma.
- e) Að draga almenna lærdóma um eðli manlegs máls af niðurstöðunum.

Setningarnar sem voru valdar í þessa könnun eru:

### Samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum

- L3.7 Honum **leiddust** tónleikarnir mjög mikið.
- L3.21 Henni **leiddist** samt píanótímarnir alveg ofsalega.
- T3004 Henni **hafa** alltaf leiðst langar bíómyndir.
- T3021 Honum **hefur** alltaf leiðst langir stjórnarfundir.
- T3030 Það **hefur** sumum blöskrað þessir samningar.
- T3074 Það **hafa** mörgum blöskrað þessi ummæli.

### Samræmi við nefnifall innan nafnháttarsambands eða í smáklausu

- T3016 Þeim **hefur** alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir.
- T3035 Henni **heyrðist** vera gangtruflanir í bílnum.
- T3047 Honum **sýndust** vera jeppaslóðir í snjónum.
- T3057 Henni **fundust** þær frekar leiðinlegar.



- T3069 Henni **fannst** þær mjög skemmtilegar.
- T3085 Þeim **hafa** alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar.
- T3100 Mér **sýnast** nemendurnir hafa rétt fyrir sér.
- T3112 **Mér sýnist** starfsmennirnir hafa staðið sig vel.

### **Samræmi sagnar og hlutaeignarfalls**

- TK3.4 Helmingur nemenda **tala/talar** ekki íslensku.
- TK3.7 Stór hluti íbúa **býr/búa** við mikla fátækt.
- T2047 Fjöldi nemenda **vöknuðu** of seint morguninn eftir.
- T2060 Fjöldi áhorfenda **fagnaði** markinu innilega.
- T2070 Meirihluti þingmanna **höfnuðu** tillögunni.
- T2080 Stór hluti starfsmanna **hafnaði** honum.

### **Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning:**

- TK3 Hann veit að tveir plús tveir **er/eru** fjórir.
- TK15 Í svörtum fötum **spilaði/spiluðu** til klukkan þrjú.
- ÞK3.4 FH **var búið/voru búnir/var búnir** að hafa forystu allt sumarið.